



## **Að stíga skrefið**

Reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi

Valgerður S. Kristjánsdóttir

**Lokaverkefni til MA-gráðu í Félagsfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Að stíga skrefið**  
***Reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi***

Valgerður S. Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í Félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Valgerður S. Kristjánsdóttir 2014

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Rannsókn þessi fjallar um reynslu kvenna af því að slíta ofbeldissambandi við karla. Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð og tekin tíu viðtöl við jafn margar konur. Rannsóknin skiptist í níu kafla. Í þeim fyrsta er fjallað um bakgrunn viðfangsefnisins, takmarkanir rannsóknarinnar og helstu hugtök skilgreind. Í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun, samantekt um fyrri rannsóknir og þau úrræði sem standa konum í þessari stöðu til boða og tilgangur rannsóknarinnar kynntur. Þriðji kafli gerir grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun og úrvinnslu, auk rannsóknarspurningarinnar. Fjórði til áttundi kafli fjalla síðan um niðurstöður rannsóknarinnar. Í níunda og síðasta kaflanum er rannsóknarspurningunni svarað með því að draga saman helstu niðurstöður ásamt umræðum.

Niðurstöður benda til þess að það valdi konum mikilli streitu að slíta ofbeldissambandi. Sambandsslitunum getur fylgt hræðsla við karlinn, áhyggjur af fjármálum og húsnæði auk fordóma frá samfélaginu. Allar áttu konurnar við heilsufarsleg vandamál að stríða, líkamleg og andleg, bæði á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk. Helmingur kvennanna er ekki á vinnumarkaði í dag sökum veikinda. Auk þessa töldu konurnar að þau úrræði sem komið geta konum í þessari aðstöðu til hjálpar væru ekki nægilega góð og að breytinga væri þar þörf.

## **Abstract**

This study focuses on the experiences of women ending a violent relationship with men. The research method was qualitative and ten participants were interviewed. The thesis is divided into nine chapters. The first chapter focuses on the background of the subject, the limitations of the study and key terms are defined. The second chapter contains a theoretical discussion and a summary of previous research in the field. Also the resources available to help women in this situation are studied and the purpose of the study presented. The third chapter explains the methods used in the conduct of the study, data collection and processing, as well as the research question. Chapter four through eight then covers the results of the study and in the ninth and final chapter the research question is answered by summarizing main conclusions from the study and discussions.

Results indicate that women suffer significant stress when a violent relationship ends. Fear of the man, worries about finances and housing as well as prejudices from society are examples of symptoms of stress. All of the women experienced health problems, physical and mental, both during the relationship as well as after it ended. Today half of the women are unemployed due to illness. In addition, the women felt that the resources available to help women in this situation were not sufficient and that changes were needed there.

## Formáli

Ritgerð þessi er metin til 60 ECTS eininga af meistaraþrófi í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Ingólfur V. Gíslason, lektor. Ég vil þakka honum kærlega fyrir ánægjulegt og gott samstarf, góða leiðsögn og ráðleggingar og síðast en ekki síst þolinmæði og skilning í minn garð. Ég vil þakka öllum þeim sem veittu mér liðsinni við rannsóknina á einn eða annan hátt, ekki síst Kvennaathvarfinu og starfskonum þess.

Ég er mjög þakklát þeim sem gáfu sér tíma til að lesa yfir hjá mér og benda mér á atriði sem betur mættu fara. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem voru ávallt reiðubúnir að hlusta á mig ræða ritgerðina og efni hennar almennt. Síðast en ekki síst vil ég þakka fjölskyldunni minni og þá sérstaklega maka mínum, Haraldi Anton Skúlasyni og móður minni, Soffíu Unni Björnsdóttur, fyrir að hafa haft trú á mér, sýnt mér skilning á meðan á ritgerðarvinnunni stóð og fyrir hina ýmsu aðstoð og hvatningu á lokametrunum, án þeirra hefði ég ekki getað klárað þetta.

Mestu þakkirnar fá þó viðmælendur mínir fyrir þátttöku í rannsókninni og fyrir að hafa gefið sér tíma til að deila þessari erfiðu og persónulegu reynslu sinni. Án þeirra hefði þessi rannsókn aldrei litið dagsins ljós og því vil ég tileinka þeim þessa ritgerð.

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	3
<b>Abstract</b> .....	4
<b>Formáli</b> .....	5
<b>1. Inngangur</b> .....	8
1.1. Bakgrunnur viðfangsefnis .....	8
1.2. Meginhugtök skilgreind .....	9
1.2.1. Heimilisofbeldi .....	9
1.2.2. Líkamlegt ofbeldi .....	10
1.2.3. Andlegt ofbeldi .....	11
1.2.4. Kynferðislegt ofbeldi .....	11
1.2.5. Fjárhagslegt ofbeldi .....	11
1.3. Takmarkanir rannsóknar .....	12
<b>2. Fræðileg umfjöllun</b> .....	13
2.1. Ofbeldi í fjölmiðlum .....	13
2.2. Ofbeldishringurinn .....	14
2.3. Fyrri rannsóknir hér á landi .....	15
2.4. Af hverju fara konurnar ekki? .....	17
2.5. Úrræði .....	20
2.6. Kvennaathvarfið .....	21
2.7. Lög og lögregla .....	23
2.8. Tilgangur rannsóknarinnar .....	25
<b>3. Aðferð</b> .....	27
3.1. Eigindlegar rannsóknaraðferðir .....	27
3.2. Fyrirbærafræðileg nálgun .....	28
3.3. Grunduð kenning .....	29
3.4. Framkvæmd rannsóknar .....	30
3.5. Gagnasöfnun .....	32
3.6. Þátttakendur .....	32
3.7. Áreiðanleiki og réttmæti .....	36
3.8. Siðferðisleg álitamál .....	36
3.9. Rannsóknarspurning .....	38

<b>4. Niðurstöður</b> .....	39
4.1. Hegðun karlanna.....	40
4.2. „Hann hefur áhrif þó hann sé farinn“ .....	41
<b>5. Að fara eða ekki fara</b> .....	45
5.1. Af hverju fer/fór hún ekki?.....	45
5.2. „Loksins er ég að fara“ .....	48
5.3. Hvað olli mestri streitu við að fara? .....	51
5.4. Að fara ekki .....	52
<b>6. Afleiðingar</b> .....	56
6.1. Heilsufarslegar afleiðingar .....	56
6.2. „Þetta er bara eins og að byrja upp á nýtt“ .....	60
<b>7. Úrræði</b> .....	64
7.1. Lögreglan.....	64
7.2. Kvennathvarfið .....	67
7.3. Önnur úrræði.....	69
<b>8. Umfjöllun fjölmiðla og hugmyndir að úrbótum</b> .....	73
8.1. Umfjöllun fjölmiðla.....	73
8.2. Hugmyndir þátttakenda að úrbótum .....	74
<b>9. Samantekt og umræður</b> .....	79
<b>Heimildir</b> .....	85



# 1. Inngangur

Í þessum kafla er bakgrunnur viðfangsefnis kynntur og þau meginhugtök sem notast er við í rannsókninni skilgreind. Að lokum er sagt frá takmörkunum rannsóknarinnar.

## 1.1. Bakgrunnur viðfangsefnis

Flestir vita hvað ofbeldi er, ekki endilega frá fyrstu hendi en ofbeldi er allt í kringum okkur. Daglega sjáum við fréttir af ofbeldi í fjölmiðlum, oft er það í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og sumir stunda jafnvel íþróttir þar sem ofbeldi er hluti íþróttarinnar eins og í bardagaíþróttum. Í flestum þessara tilfella er ofbeldi afþreying en birtingarmynd þess getur verið margvísleg og ofbeldi getur átt sér stað á öllum þjóðfélagsstigum (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Barsmíðar tengjast ekki bara afþreyingu, drykkjulátum og handrukunum heldur hafa auknar rannsóknir og umfjöllun um þetta málefni leitt í ljós að ofbeldi innan fjölskyldu er mun algengara en margan grunar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997).

Það getur verið mjög erfitt að skilgreina hugtakið ofbeldi. Það sem einum aðila finnst vera ofbeldi, misbeiting á valdi eða misnotkun getur öðrum þótt eðlileg refsing eða sjálfsögð leið til að aga annan einstakling. Ofbeldi er allt í kringum okkur, eins og áður segir, þó við gerum okkur ef til vill ekki alltaf grein fyrir því að um ofbeldi sé að ræða. Til eru nokkrar tegundir ofbeldis en viðfangsefni þessarar rannsóknar snýr að ofbeldi í nánum samböndum eða það sem oftast er kallað heimilisofbeldi. Konur eru í meirihluta þolenda heimilisofbeldis (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997) en um 30% kvenna í heiminum hafa orðið fyrir ofbeldi að hálfu maka og um 38% af morðum á konum á heimsvísu eru framin af maka (WHO, 2013). Til að gefa einhverskonar vísbendingu um umfang heimilisofbeldis hér á landi má benda á að samkvæmt nýlegri rannsókn sögðust 22% kvenna á aldrinum 18-80 ára hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Til að gera sér betri hugmynd um hvað þessar tölur þýða er vert að minnast á að Michael P. Johnson (2011) vill meina að til sé tvenns konar heimilisofbeldi og því geti rannsóknir verið að skoða mismunandi hluti. Þessar tvær gerðir heimilisofbeldis mætti flokka í almennan ágreining hjá pörum eða paraslagsmál (e. common couple violence) og karlakúgun (e. patriarchal intimate terrorism). Með almennum ágreiningi hjá pörum á hann þá við að sum pör lendi í uppákomum eða slagsmálum einstaka sinnum sem þau sjálf gætu flokkað sem heimilisofbeldi en aðrir myndu flokka sem almennan ágreining eða einstakt tilvik ofbeldis. Karlakúgun myndi aftur á móti flokkast sem ákveðið kúgunarferli sem er viðloðandi sambandið en ekki einstakur atburður. Paraslagsmál geta vissulega verið alvarleg en það sem greinir þau helst frá karlakúgun er að þau innihalda ekki þessa viðvarandi kúgun þar sem annar aðilinn hefur, eða reynir að hafa, stjórn yfir hinum aðilanum í sambandi. Algengast er að í rannsóknum sé rakið hvað geti talist sem heimilisofbeldi áður en viðkomandi er spurður hvort hann hafi orðið fyrir því. Það ætti því að koma í veg fyrir misskilning í sambandi við þetta, en hafa ber í huga að ofbeldið er ekki endilega skilgreint eins af hverjum rannsakanda fyrir sig og því ætti að varast að bera rannsóknir saman nema þær noti sömu skilgreiningu (Johnson, 2011). Ef litið er til þess að rúmlega ein af hverjum fimm konum hafa orðið fyrir heimilisofbeldi hér á landi (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010) má áætla að það sé samfélagslegt mein sem vert er að skoða nánar.

## **1.2. Meginhugtök skilgreind**

### **1.2.1. Heimilisofbeldi**

Fyrst ber að nefna að þegar talað er um heimilisofbeldi í þessari rannsókn er átt við karlakúgun en ekki paraslagsmál. Heimilisofbeldi er í grófum dráttum skilgreint sem kúgun eins fjölskyldumeðlims á öðrum í skjóli friðhelgi heimilisins í formi félagslegrar, fjárhagslegrar og tilfinningalegrar bindingar. Sá sem beitir ofbeldinu getur verið foreldri, barn, maki eða aðrir

tengdir þolanda fjölskylduböndum. Hver sem er getur lent í heimilisofbeldi óháð aldri, kyni, stöðu eða bakgrunni einstaklings (Velferðarráðuneytið, 2013). Konur eru þó, eins og áður segir, í meirihluta þolenda en þá er gerandi oftast karlmaður sem hefur líkamlega yfirburði yfir konu og nýtir sér það til að beita konuna ofbeldi (Drífa Snædal, 2003). Heimilisofbeldi getur birst með mismunandi hætti en alengasta skiptingin er í fjóra flokka, líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt ofbeldi (Velferðarráðuneytið, 2013). Það skiptir ekki máli hvers eðlis ofbeldið er, það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Konur geta einangrast, þær geta orðið vanhæfar til að stunda vinnu og átt erfitt með að taka þátt í daglegum athöfnum. Eins geta þær haft takmarkaða getu til að hugsa um sig og börn sín (WHO, 2013). Afleiðingar heimilisofbeldis eru ekki einungis vandamál þeirra sem í því lenda heldur einnig samfélagsvandamál því þær hafa áhrif á sviði heilbrigðis- og félagsmála en þar þarf að mæta auknum kostnaði vegna þessa (Vilborg G. Guðnadóttir, 1997). Héðan í frá verður talað um heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánnum samböndum í þessari rannsókn. Þegar talað er um heimilisofbeldi er átt við ofbeldi sem maki beitir konu sína, hvort sem það er líkamlegt, andlegt, fjárhagslegt eða kynferðislegt en reynsla kvenna er viðfangsefni þessarar rannsóknar.

### **1.2.2. Líkamlegt ofbeldi**

Líkamlegt ofbeldi í sambandi getur komið fram í mörgum myndum, en í grófum dráttum má segja að það sé þegar maki, gerir eitthvað viljandi við konu sína sem meiðist í kjölfarið líkamlega. Konan getur verið kýld, lamin, hrist, rassskellt, brennd, klóruð, bundin, svelt, stungin, tekin kverkataki, heitu vatni hellt á hana, hlutir notaði til að lemja hana með eða þeim kastað í hana. Eins getur verið hrækt á hana, henni hrint, hent til og fleira (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

### **1.2.3. Andlegt ofbeldi**

Andlegt ofbeldi er líklega algengasta form ofbeldis og er einnig það duldasta. Það felur í sér niðurlægjandi hegðun þar sem maðinn hefur það að markmiði, meðvitað eða ómeðvitað, að ná stjórn eða valdi yfir konunni. Andlegt ofbeldi getur meðal annars birst í niðurlægjandi athugasemdum, hótunum og ógnunum. Eins getur það komið fram í því að maðurinn eyðileggi hluti sem konan á og þykir vænt um. Stöðugt eftirlit, afneitun ofbeldis, þvinganir, einangrun og fleira geta verið fylgifyiskar andlegs ofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

### **1.2.4. Kynferðislegt ofbeldi**

Líkt og með andlega og líkamlega ofbeldið getur kynferðislegt ofbeldi komið fram á marga vegu. Meðal annars getur það komið fram í því að kona er þvinguð til kynlífsathafna sem hún er mótfallin eða hún svívirt á einhvern hátt kynferðislega. Dæmi um kynferðislegt ofbeldi getur verið nauðgun eða hótun um nauðgun. Það að þvinga konuna til að horfa á klámm myndir, skoða klámblöð, hótun á smitun kynsjúkdóma, meðal annars með því að neita að nota getnaðarvarnir eða jafnvel þvingun til vándis (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

### **1.2.5. Fjárhagslegt ofbeldi**

Fjárhagslegt ofbeldi kemur helst fram í því að karlmaðurinn sér algjörlega um fjármál heimilisins gegn vilja konunnar. Hann getur þannig takmarkað aðgang hennar að peningum. Þetta getur komið fram í því að karlinn skammtar konunni peninga sem vart duga fyrir nauðsynjum, konan verður að gera grein fyrir hverri krónu eða að maki heldur stöðu fjármála leyndri. Eins getur hann komið í veg fyrir að konan vinni sér fyrir launum eða hann ráðstafar tekjum hennar. Hann getur einnig tekið af henni alla peninga, komið í veg fyrir að hún hafi greiðslukort eða bankareikning og ráðstafað einn sameiginlegum peningum þeirra (Samtök um Kvænnaathvarf, 2014).

### 1.3. Takmarkanir rannsóknar

Rannsóknin takmarkast af því að þetta er fyrsta rannsókn höfundar. Niðurstöður byggja á huglægu mati viðmælanda sem og rannsakanda. Annar rannsakandi gæti nálgast viðfangsefnið á annan máta. Rannsakandinn sjálfur getur skipt máli en það fer eftir næmi hans hversu góðar og miklar upplýsingar hann fær frá viðmælendum sínum og hvernig hann túlkar þær. Takmarkanir gætu því meðal annars komið fram í því ef rannsakandi og viðmælandi ná ekki vel saman. Konurnar lýsa viðfangsefninu, að hafa verið í ofbeldissambandi og að slíta slíku sambandi og ekki er hægt að breyta upplifun þeirra. Þannig munu sömu viðhorf að öllum líkindum koma til með að koma fram ef úrtakið er það sama. Rannsakandi verður að vera hlutlaus og leggja sínar skoðanir og viðhorf til hliðar svo það liti ekki það sem konurnar segja. Að auki verður rannsakandi að sýna samhygð og innsæi þannig að þátttakandi treysti viðkomandi fyrir viðkvæmum upplýsingum (Hennink, Hutter og Bailey, 2011).

Þrátt fyrir að ég hafi enga reynslu af því að búa við heimilisofbeldi sjálf tel ég að mér hafi tekist nokkuð vel til við að leggja mínar skoðanir og viðhorf til hliðar. Ég hafi reynt að gæta hlutleysis og sýnt viðmælendum mínum samhygð. Ég held einnig að það hafi reynst þátttakendum auðveldara að ræða jafn viðkvæmt málefni og þetta er við kvenmann heldur en ef um karlkyns rannsakanda hefði verið að ræða. Auk þessa tel ég að þó að þetta sé mín fyrsta rannsókn hafi viðtölin gengið vel og að ég hafi náð vel til kvennanna, þrátt fyrir að vera yngri en þær allar. Mér finnst ég hafa áunnið mér traust þeirra og fyrir vikið fengið góðar og réttar upplýsingar frá viðmælendum mínum.

## 2. Fræðileg umfjöllun

### 2.1. Ofbeldi í fjölmiðlum

Ofbeldi birtist okkur oft í fjölmiðlum sem afþreyingarefni svo sem í kvikmyndum, íþróttum, sjónvarpsþáttum og öðru slíku. Frétttaflutningur um ofbeldi beinist oft að götuofbeldi, líkamsárásum á óbreytta borgara, árásarnauðgunum og slíku. Sökum allrar þeirrar umræðu sem tilviljunarkennt ofbeldi fær í fjölmiðlum telur almenningur oft á tíðum að það sé algengasta tegund ofbeldis hér á landi. Þessi fjölmiðlaumfjöllun getur haft þær afleiðingar að fólk þori ekki út, sérstaklega konur og eldra fólk (Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 1995). Í rannsókn sem framkvæmd var fyrir lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu sem sneri meðal annars að ótta við afbrot sögðust um 60% þátttakenda mjög eða frekar öruggir væru þeir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir myrkur. Karlar voru líklegri en konur til að segjast mjög eða frekar öruggir einir á gangi eftir miðnætti um helgar og eins sýndu niðurstöður marktækan mun þegar litið var til aldurs. Þeir sem voru á aldrinum 18-25 ára voru mun líklegri til að finna til öryggis við þessar aðstæður í samanburði við þá sem tilheyrðu eldri aldursflokkum (Snorri Örn Árnason, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2012). Tíðni tilviljunarkennds ofbeldis er hins vegar tiltölulega lítil miðað við heildarumfang afbrota í landinu. Heimilisofbeldi fær mun minni umfjöllun þó það sé ein algengasta tengund ofbeldis en það er jafnframt það faldasta (Garðar Gíslason o.fl., 1995). Eitthvað er þó um að fjölmiðlar taki upp umfjöllun um heimilisofbeldi. Árið 2013 byrjaði *Morgunblaðið* til dæmis með sérstakan dálk eða það sem hefur verið kallað fréttaknippi, um heimilisofbeldi á heimasíðu sinni. Þar má sjá fréttir sem eiga það sameiginlegt að tengjast heimilisofbeldi á einhvern hátt. Fréttirnar eru af ýmsu tagi, til að mynda samantekt um tölfræði, reynslusögur og viðtöl við konur sem hafa búið við heimilisofbeldi, fréttir af ofbeldisbrotum sem tilkynnt hafa verið til lögreglu og jafnvel fréttir af heimilisofbeldi fræga fólksins. (Morgunblaðið, 2014). Fréttaskýringaþættir á borð við

*Kastljós og Ísland í dag* hafa einnig fjallað lítillega um heimilisofbeldi og í kjölfarið hefur annað slagið brotist út umræða um slíkt ofbeldi hér á landi. Friðhelgi einkalífsins hefur eflaust eitthvað að segja þegar litið er til heimilisofbeldis og þeirrar litlu umræðu sem á sér stað um það. Fólk verður þó að gera sér grein fyrir því að friðhelgi einkalífsins verndar einungis þann sem ofbeldinu beitir en ekki fórnalamb þess (Garðar Gíslason o.fl., 1995).

## **2.2. Ofbeldishringurinn**

Ofbeldi í nánum samböndum á það til að byggjast upp á svipaðan máta. Það er hægt að segja að uppbyggingin myndi hring sem hægt er að kalla ofbeldishring þar sem ofbeldinu er skipt í þrjá ferla. Í upphafi hringsins byggist upp spennan í sambandinu þar sem ofbeldismaðurinn getur verið pirraður, kuldalegur og gagnrýninn á konuna og það sem hún gerir. Konan reynir að svara þessari hegðun með því að forðast ágreining, meðal annars með því að vera umhyggjusöm og hlýðin og reyna þannig að róa manninn niður. Spennan heldur þó áfram að stigmagnast þar til ofbeldið færast yfir í það sem mætti kalla bráðafasa. Í þeim fasa beitir maðurinn konuna líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi og konan verður yfirleitt hrædd og undirgefin. Eftir ofbeldið kemur fasi í hringnum sem kallaður hefur verið hveitibrauðsdagur. Í þeim fasa sér maðurinn eftir ofbeldinu og biðst afsökunar. Oft lofar maðurinn bót og betrun og að þetta muni aldrei gerast aftur. Konan fær von um að maðurinn muni breytast og hún fyrirgefur hegðun hans en slík afneitun á ofbeldinu og alvarleika þess er eitt af því sem einkennir oft konur sem búa við ofbeldi. Þetta er kallað hringur því eftir að hveitibrauðsdögunum líkur hefst hringurinn að nýju og spennan kemur upp í sambandinu (McFarlane o.fl., 2004).

Enginn á að þurfa að búa við ofbeldi og mikilvægt er að grípa inn í og veita viðeigandi aðstoð þegar ofbeldi uppgötvast (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Þegar um er að ræða heimiliofbeldi, karlakúgun, má segja að því fyrr sem gripið er inn í, því betra, því ofbeldi

þróast yfirleitt á þá leið að það verður alvarlegra og tíðara. Meiri líkur verða á alvarlegum áverkum, líkamlegum og andlegum, því lengur sem kona býr við ofbeldi (Vilborg G. Guðnadóttir, 1997). Fæstar konur setta sig sem betur fer við ofbeldi til frambúðar og flestar þeirra losa sig úr viðjum ofbeldisins á einhverjum tímapunkti. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að rúmlega helmingur þolenda yfirgefi makann innan tveggja ára frá því að ofbeldi hefist (Valente, 2002). Sambærilegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar á Íslandi.

### **2.3. Fyrri rannsóknir hér á landi**

Fyrri rannsóknir hér á landi hafa flestar snúið að líkamlegu ofbeldi en staðreyndin er hins vegar sú að það eru fleiri konur sem sækja Kvennaathvarfið vegna andlegs ofbeldis heldur en þess líkamlega. Samkvæmt ársskýrslu Kvennaathvarfsins (2012) komu flestar konur þangað að leita sér hjálpar vegna andlegs ofbeldis. Flestar konurnar sem komu í Kvennaathvarfið þetta ár nefndu þó fleiri en eina ástæðu fyrir komu sinni en 87% þeirra nefndu andlegt ofbeldi sem hluta ástæðunnar. Næst algengasta ástæða komu var líkamlegt ofbeldi, en 57% kvennanna sögðust koma af þeirri ástæðu.

Fyrsta rannsóknin sem sérstaklega tók til heimilisofbeldis var rannsóknin *Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum* en hún var framkvæmd af Hildigunni Ólafsdóttur, Sigrúnu Júlíusdóttur og Þorgerði Benediktsdóttur (1982). Rannsóknin náði til 101 einstaklings sem hlotið hafði áverka fyrir tilstilli annars fjölskyldumeðlims en skoðaðar voru sjúkraskrár Slysavarðstofu. 79 af þessum einstaklingum voru konur og í 62 af þessum málum var ofbeldismaður maki viðkomandi. Heilum 14 árum síðar var önnur umfangsmikla rannsóknin á ofbeldi í nánum samböndum gerð hér á landi eða árið 1996. Sú rannsókn var á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ári áður hafði verið sett á stofn nefnd sem skoða átti orsakir, afleiðingar og umfang heimilisofbeldis og rannsóknin var framkvæmd af henni (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997).



Heimilisofbeldi hefur nokkuð verið rannsakað hér á landi á síðustu árum en árið 2006 var aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi karla gegn konum samþykkt. Í samræmi við aðgerðaráætlunina voru gefin út fimm fræðslurit um ofbeldi í nánnum samböndum. Þessi rit voru gefin út með það að markmiði að nýtast tilteknum stéttum í starfi sínu en ritin voru unnin á vegum nefndar um aðgerðir gegn ofbeldi í nánnum samböndum sem skipuð var af félags- og tryggingamálaráðuneytinu (Velferðarráðuneytið, 2009). Í framhaldi af þessu var farið af stað með nokkrar rannsóknir þar sem unnið var að því að afla þekkingar á þessu sviði hér á landi. Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd tók að sér yfirumsjón með framkvæmd rannsókna en fékk í lið með sér sérfræðinga á þeim sviðum sem skoða átti og sáu þeir sérfræðingar um að framkvæma rannsóknirnar. Meðal þess sem var skoðað var reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára af heimilisofbeldi, úttektir voru gerðar á tölum lögreglu, viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar voru skoðuð sem og þjónusta ellefu félagasamtaka. Niðurstöður þessara rannsókna gefa vísbendingar um stöðu þessa málefnis hér á landi og hafa í kjölfarið leitt af sér fjölda annarra rannsókna (Ingólfur V. Gíslason, 2010a, Ingólfur V. Gíslason, 2010b, Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010, Guðrún Helga Sederholm, 2010, Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Sumar rannsóknir byggjast á spurningalista, símakönnunum eða viðtölum þar sem almenningur er spurður út í sína reynslu af ofbeldi, aðrar á gögnum frá heilbrigðisstofnunum og enn aðrar á gögnum frá lögreglu. Hver þessara tegunda rannsókna hefur sína kosti og galla en engin þeirra getur þó lýst heildarveruleika heimilisofbeldis ein og sér. Vert er að ítreka að það getur verið varhugavert að bera rannsóknir saman bæði hér á landi sem og erlendis (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010). Engin rannsókn hefur hingað til beint sjónum að þolendum hér á landi um upplifun þeirra og reynslu af þeim úrræðum sem í boði eru og/eða að yfirgefa ofbeldismann. Ef við byrjum á að skoða þá forsendu að

heimilisofbeldi er skaðlegt og dregur kjarkinn úr konum í ofbeldissamböndum, ættum við þá ekki að byrja á því að spyrja; „Hvað getur hjálpað þeim að komast út úr sambandinu?“.

## **2.4. Af hverju fara konurnar ekki?**

Rannsakendur sem hafa tekist á við þessa spyringu hafa í gegnum tíðina skoðað sjálfsmat, sálsýkisfræði (e. psychopathology) og félagsmótun og reynt með því að skýra hvað það er sem fær konur til að setta sig við eða samþykkja illa meðferð. Fyrstu rannsóknirnar á þessu sviði lýstu konunni sem masókista sem ögraði maka sínum svo hann beitti hana ofbeldi og sem svo að hún hefði ekki áhuga á að slíta sambandinu. Rannsakendur frá mörgum kenningaskólum hafa fundið gögn sem styðja kenningar sínar en þrátt fyrir aukinn skilning á stöðu kvenna í ofbeldissamböndum er engin ein kenning sem getur skýrt ástæður þeirra til fullnustu. Rannsóknir á heimilisofbeldi standa frammi fyrir þeirri staðreynd að manneskjan er í eðli sínu flókin vera sem tekst á við alls kyns vandamál með ýmsum aðferðum og á bak við þær aðferðir liggur fjöldi breytilegra ástæðna. Þetta kemur berlega í ljós hjá rannsakendum á sálfræðisviðinu því hingað til hefur ekki fundist persónuleikaröskun sem konur í ofbeldissamböndum eiga sameiginlega. Aftur á móti hafa konur í ofbeldissamböndum oft svipuð persónueinkenni (Rhodes og McKenzie, 1998).

Einkenni þessi geta verið misalvarleg. Konan getur meðal annars fundið fyrir niðurlægingu og skömm. Hún fer að upplifa sig sem minna virði en aðrir og að eitthvað sé að henni. Lífið getur farið að einkennast af kvíða og ótta vegna þeirrar spennu sem ríkir inni á heimilinu. Eins getur konan farið að efast um eigin upplifanir þar sem maðurinn segir henni að það sem hún skynji sé rangt. Á endanum getur konan jafnvel haldið að hún sé veik á geði vegna þessarar brenglunar sem á sér stað í raunveruleikaskynjun hennar (Vilborg G. Guðnadóttir, 1997).

Margar rannsóknir tengdar því af hverju konurnar fara ekki voru framkvæmdar í Bandaríkjunum á 7. – 9. áratug síðustu aldar. Fyrstu rannsóknirnar sneru eins og áður segir að sálfræðikenningum og reyndu að greina vandann út frá einstaklingnum sjálfum en nýrri rannsóknir hafa flutt sig frá því að setja sökina á fórnarlambið og hafa farið að skoða spurninguna í stærra samhengi. Á 8. áratugnum fóru félagsfræðingar að skoða þetta málefni og lögðu fram þá tillögu að félags- og menningalegir þættir og eins félagshagfræðilegir þættir lægu að baki því að konur færu ekki úr ofbeldissamböndum. Ástæðurnar sem þessir fræðimenn settu fram voru tengdar uppbyggingu samfélaga, laganna innan þeirra, feðraveldinu, stöðluðum kynjaímyndum og hjónabandinu. Vildu þeir meina að þessi uppbygging endurspegladist í viðurkenningu ofbeldis sem viðeigandi leið til að takast á við spennu og vandamál í samböndum. Eins komu þeir með skýringar á borð við að konurnar væru fjárhagslega háðar makanum og að ef þolandi hefði orðið fyrir ofbeldi í æsku væri hann líklegri til að láta það viðgangast á fullorðinsárum. Þessar fyrstu rannsóknir voru áhrifamiklar fyrir fræðin sem fóru að færast yfir á fleiri svið og voru leiðbeinandi fyrir það sem koma skyldi. Eins sýndu þær að heimilisofbeldi var vandamál sem væri til staðar og vert væri að skoða nánar þar sem engin lausn var í sjónmáli (Kim og Gray, 2008).

Sýnt hefur verið fram á að það er munur á þeim þolendum sem snúa aftur heim í ofbeldissambandið eftir að hafa leitað sér skjóls í einhvern tíma í athvarfi og þeim sem gera það ekki. Þegar þessir tveir hópar voru bornir saman kom fram að það sem hafði mest áhrif á þær konur sem sneru aftur fram yfir þær sem það gerðu ekki var eftirfarandi: 1. Tekjur fjölskyldunnar á ársgrundvelli voru hærrí; 2. Þolandinn var atvinnulaus; 3. Ofbeldið var alvarlegra; 4. Fórnarlambið hafði neikvæðara álit á sjálfri sér. Rannsakendur hafa bent á að konur sem eru mjög háðar hjónabandi sínu eru síður færar um að hindra, forðast og stöðva misnotkun en þær sem eru sjálfstæðari. Í raun hafa konur sem eru háðar eiginmönnum sínum minna val og eru því ólíklegri til að ganga út úr ofbeldissambandi. Fjárhagslegt ósjálfstæði

fylgir því að vera háð eiginmanninum og einnig eru konurnar oft mjög einangraðar. Einangrunin virðist koma til vegna andlegs ofbeldis mannsins sem vill hafa konuna út af fyrir sig og svo eykst einangrunin enn frekar ef konan verður fyrir líkamlegu ofbeldi og vill fela áverkana fyrir umheiminum (Rhodes og McKenzie, 1998). Samkvæmt ársskýrslu Kvennaathvarfsins (2012) má áætla að um 40% kvenna sem voru þar við dvöl hafi snúið aftur heim í óbreyttar aðstæður. Þetta er áhyggjuefni og er mjög mikilvægur punktur því þetta sýnir að þau úrræði sem eru í boði, eru líklega ekki næg fyrir konur til að stíga skrefið til fulls og yfirgefa ofbeldismanninn fyrir fullt og allt. Við þurfum þó að passa okkur á því að láta ekki eins og konurnar búi í einhvers konar tómarúmi. Margt utanaðkomandi getur haft áhrif bæði á það hvort þær fari eða verði áfram í sambandinu. Slæm staða á húsnæðismarkaði, löng bið eftir félagslegu húsnæði og hátt leiguverð geta til dæmis haft áhrif í einhverjum tilfellum.

Stór þáttur í því að yfirgefa ofbeldismann getur verið að þurfa vernd. Þar af leiðir að konur eru ólíklegri til að yfirgefa ofbeldismanninn ef réttarkerfið er þeim ekki hliðhollt. Viðbrögð lögreglu hafa verið nefnd í þessu samhengi en lögreglan hefur því hlutverki að gegna að aðstoða konurnar við að yfirgefa manninn og/eða setja upp tálma fyrir hann að nálgast hana meðal annars með nálgunarbanni. Rannsóknir hafa sýnt að ef konu finnst lögreglan óhjálpöm og/eða hefur slæma reynslu af samskiptum við hana er hún ólíklegri til að yfirgefa ofbeldismanninn (Kim og Gray, 2008).

Nokkrar rannsóknir hafa einbeitt sér að andlegu ofbeldi og í einni slíkri kom fram að 72% af þeim 240 konum sem tóku þátt í rannsókninni sögðu að andlegt ofbeldi hefði haft verri sálrænar afleiðingar fyrir þær en það líkamlega (Rhodes og McKenzie, 1998). Andleg heilsa fórnarlambinsins er einmitt síðasti stóri þátturinn sem nefndur verður hér sem ástæða þess að konur yfirgefa ekki ofbeldismann. Hræðsla, lélegt sjálfsmat og ábyrgðartilfinning eru helstu ástæðurnar sem nefndar hafa verið. Kona sem býr við ofbeldi getur verið mjög hrædd um öryggi sitt, sig sjálfa eða börnin sín. Reynslan sýnir að þessi hræðsla er á rökum reist þar sem

ofbeldið hættir oft ekki þó að konan slíti sambandinu, þvert á móti getur það magnast og orðið verra. Lélegt sjálfsmat getur einnig haft áhrif á það hvort konan yfirgefur ofbeldismanninn eða ekki, hún telur sig vera of ósjálfstæða til að standa á eigin fótum og skammast sín fyrir þá aðstöðu sem hún er komin í. Ábyrgðartilfinningin kemur aftur á móti fram í því að henni getur fundist hún bera ábyrgð á ofbeldinu eða þeim viðbrögðum sem hún sýnir við því, sem sagt að fara eða vera. Að sama skapi getur henni fundist það vera sín samfélagslega ábyrgð að halda áfram að vera í sambandinu barna sinna vegna, svo þau búi áfram með föður sínum en ekki einstæðri móður (Kim og Gray, 2008).

Við sjáum á þessu að ofbeldið getur haft í för með sér ýmsar alvarlegar afleiðingar, líkamlegar og sálrænar en einnig félagslegar. Alvarleg heilsufarsvandamál koma oft í kjölfar heimilisofbeldis og í versta falli getur ofbeldið endað með dauða. Ýmsar rannsóknir sýna að konur sem búa við ofbeldi leita markvisst meira í heilbrigðisþjónustu heldur en aðrar konur. (Vilborg G. Guðnadóttir, 1997). Samfélagið þarf vissulega að bera ákveðinn kostnað af þessu, ekki síst vegna þess að það þurfa að vera úrræði í boði fyrir þolendur í þessari stöðu.

## 2.5. Úrræði

Aðstæður þolenda heimilisofbeldis geta verið jafn fjölbreyttar og ólíkar og þolendurnir sjálfir. Þær kalla því eftir mismunandi úrræðum. Í fyrsta lagi ber þó að nefna að lykilatriði er að opinber yfirvöld haldi ekki áfram þeirri sjálfræðissviptingu sem fylgt hefur ofbeldinu. Aðgerðir verða að miða að því að auka möguleika konunnar á því að ná stjórn á eigin tilveru og að hún geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Hér á landi eru þó nokkrir aðilar sem geta komið að málum kvennanna þegar aðstoðar er þörf. Fyrst ber að nefna heilbrigðiskerfið en á Slysa- og bráðadeild Landspítala í Fossvogi er að finna áfallamiðstöð slysa, ofbeldis og hamfara. Þolendur ofbeldis koma yfirleitt þangað í gegnum Slysa- og bráðadeild þar sem starfsfólk hefur metið andleg eða líkamleg viðbrögð einstaklings sem svo að þau krefjist sérhæfðra

úrræða. Þar er boðin aðstoð starfsfólks við að fá hjálp og upplýsingar réttargæslumanns við að skoða réttarstöðu sína og ef þær vilja þiggja, geta þær fengið aðstoð við að leggja fram kæru til lögreglu (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Varast þarf í þessu samhengi að beita eingöngu læknisfræðilegri sýn á vandamál konunnar því það getur þrengt verulega möguleika hennar á að fá frekari og raunhæfa aðstoð (Vilborg G. Guðnadóttir, 1997). Barnaverndarnefnd getur veitt aðstoð í ofbeldismálum ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður vegna áreitiss eða ofbeldis á heimili. Félagsþjónusta sveitafélaga getur einnig aðstoðað með því að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Þau úrræði sem nefnd hafa verið hér að framan eru öll á vegum ríkis eða sveitarfélaga en hér á landi eru nokkur félagasamtök og verkefni í gangi, sem einbeita sér að meðferðarúrræðum í kjölfar ofbeldis.

Úrræðin eru fleiri og fjölbreyttari á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þau helstu í Reykjavík eru Stígamót, Drekaflóð, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöf og Karlar til ábyrgðar. Á landsbyggðinni eru svo til dæmis Aflið á Akureyri og Sólstafir á Ísafirði (Guðrún Helga Sederholm, 2010). Þó þessi meðferðarúrræði einbeiti sér öll að einhverjum hliðum ofbeldisins hefur úrræðið Karlar til ábyrgðar sérstöðu þar sem að það verkefni þjónustar, eins og nafnið gefur til kynna, einungis karlmenn og þar að auki einungis karlmenn sem beitt hafa obeldi. Hin samtökin/verkefnin einbeita sér að því að sinna þörfum þolenda og aðstandenda þeirra. Í þessari rannsókn er sérstaklega fjallað um Kvennaathvarfið þar sem það er eina neyðarathvarfið sem tekur á móti þolendum heimilisofbeldis hér á landi.

## **2.6. Kvennaathvarfið**

Kvennaathvarfið er eins og áður segir það eina af úrræðunum hér að ofan sem einbeitir sér einungis að því að aðstoða konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Kvennaathvarfið býður upp á dvöl fyrir konur og börn þeirra þegar aðstæður heima fyrir eru

orðnar óbærilegar sökum ofbeldis. Eins býður athvarfið upp á ráðgjöf og stuðningsviðtöl, símaráðgjöf allan sólarhringinn sem og sjálfshjálparhópa fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi. Kvennaathvarfið reynir eftir fremsta megni að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis. Í einstaka tilfellum hefur athvarfið þó ekki tók á að aðstoða konur en það er þá í þeim tilfellum sem líkamleg eða andleg heilsa þeirra er slík að stuðningurinn sem er fyrir hendi nægir ekki. Ef staðan er þannig bendir Kvennaathvarfið viðkomandi á önnur úrræði sem eru talin henta betur. Ýmsar reglur gilda um og í Kvennaathvarfinu, til að mynda er heimilisfangi athvarfsins haldið leyndu því þar eiga konurnar að finna öryggi og skjól. Trúnaður gildir þar um allt sem fer á milli starfskvenna og skjólstaðinga. Á meðan á dvöl stendur fá konurnar ráðgjöf og stuðning starfskvenna, en þolendur hafa einnig sagt að þær fái líka mikinn andlegan stuðning með því að eiga í samskiptum við konur með svipaða reynslu. Að lokum má nefna að konurnar geta fengið aðstoð við að komast í samband við fagaðila sé þess þörf svo sem lögreglu, lögfræðing, félagsþjónustu og fleiri (Samtök um Kvennaathvarf, 2012).

Árið 2012 voru komur í Kvennaathvarfið 739 en aðeins einu sinni áður í sögu athvarfsins hafa tölur verið hærri. Á árunum 2003-2012 voru komur í athvarfið á bilinu 388-864, sumar af konunum komu oftast en einu sinni og því eru konurnar á bak við komutölurnar ekki jafn margar. Fæstar hafa verið 230 konur á bak við komufjölda og flestar 341. Varast ber að ætla að fjöldi þeirra kvenna sem leita í Kvennaathvarfið sé það sama og umfang ofbeldis hér á landi. Þær konur sem leita í athvarfið eru líklega þær konur sem vita af úrræðinu og þeirri þjónustu sem þar er í boði (Samtök um Kvennaathvarf, 2012). Eins getur verið að þær konur sem þangað leiti séu komnar á annan stað í bataferlinu eða búi við það óbærilegar aðstæður að ekkert annað stendur til boða. Kvennaathvarfið fagnaði á árinu 2012 þrjátíu ára afmæli sínu og er elsta og líklega þekktasta úrræðið hér á landi í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum. Þegar upp úr sýður hjá pari/hjónum getur komið til þess að lögregla sé kölluð til

en lögregla ekur konum í Kvennaathvarfið óski þær þess en lögreglan er einmitt síðasta úrræðið sem verður rætt hér.

## 2.7. Lög og lögregla

Öll erum við sem samfélagsþegnar skyldug til að fylgja þeim lögum sem land okkar byggir á. Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins sem sér um löggæslu í landinu og á að tryggja réttaröryggi borgaranna og gæta almannaoýggis (Ríkislögreglustjórinn, 2009). Rannsóknir hafa sýnt fram á mjög skiptar skoðanir um þau úrræði sem lögreglan býður upp á. Fórnlömb heimilisofbeldis hafa þannig ýmist gefið lögreglunni jákvæða umsögn eða neikvæða. Þjálfun lögreglumanna í hvernig á að taka á heimilisofbeldi getur verið mismunandi en það getur haft mikil áhrif á viðbrögð þeirra þegar komið er á heimili þar sem ofbeldi á sér stað og lögregla hefur verið kölluð til (Stewart, Langan og Hannem, 2013). Sérhæfing á þessu sviði er til staðar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins og eitthvað hjá öðrum embættum líka. Á höfuðborgarsvæðinu er sérstök deild sem sér um þennan málaflokk (Ingólfur V. Gíslason, 2010a). Lög landa eru líka mjög mismunandi í sambandi við hvenær má eða þarf að handtaka viðkomandi og margt spilar inn í líkt og hvenær og hvort konur hafa samband við lögreglu og tilkynna um ofbeldið. Í einhverjum rannsóknum hefur verið sýnt að lögregla er lengur á staðinn ef tilkynnt er um ofbeldi inni á heimili heldur en ef það er í almenningsrými eins og úti á götu. Hluti kvenna sem leitað hafa aðstoðar lögreglu hefur fengið nálgunarbann á ofbeldismanninn með hjálp hennar en konur hafa skýrt frá því að þeim finnist það í mörgum tilfellum virka vel (Stephens og Sinden, 2000). Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili voru samþykkt hér á landi og tóku gildi í júní 2011. Lögin gefa lögreglustjóra heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili og meina honum aðgang þangað í tiltekinn tíma. Brottvísun af heimili getur lengst verið fjórar vikur í senn og nálgunarbann getur verið sett á viðkomandi en þó ekki lengur en eitt ár í senn. Þó er heimilt að framlengja nálgunarbanni og brottvísun af



heimili séu tiltekin skilyrði enn fyrir hendi þegar þeim tíma sem þau hafa upphaflega voru sett lýkur (Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011).

Árið 2005 voru settar nýjar verklagsreglur um skráningu ofbeldisbrota á Íslandi en þá var skráningakerfið einfaldað svo betra er að gera sér grein fyrir fjölda brota. Talið er að verklagsreglurnar hafi einnig aukið samræmi í skráningu milli lögregluembættanna. Skráningin inniheldur bæði ofbeldisbrot og það sem kallað er ágreiningur. Mjög sjaldan er kært vegna heimilisofbeldis sem slíks en stundum er kært vegna annarra brota sem skráð eru í málið, svo sem líkamsárása, kynferðisbrota eða húsbrot. Vitni eru sjaldnast til staðar í heimilisofbeldisbrotum og því er þetta mjög erfiður brotaflokkur fyrir lögreglu, sérstaklega ef brotapolí neitar samvinnu. Lögreglan hefur ekki formlegt samstarf við aðrar stofnanir sem fást við ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum fyrir utan barnaverndarnefnd ef börn eru á heimili sem lögregla er kölluð til og það að aka konum í Kvennaathvarfið sé þess óskað (Ingólfur V. Gíslason, 2010a). Undantekning frá þessu er þó sérstakt samvinnuverkefni lögreglunnar á Suðurnesjum við félagsmálastofnun sem er þróunarverkefni og fór af stað í febrúar 2013 (Jón Júlíus Karlsson, 2014). Slík samvinna við félagasamtök og félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld ætti að vera meiri en til þess þyrfti líklega að líta til laganna en ekki er ljóst hvort lögreglan geti haft slíkt samstarf innan ramma núgildandi laga (Ingólfur V. Gíslason, 2010a).

Lítið af heimilisofbeldismálum eru kærð, eins og áður segir, en samkvæmt nýju mati lögreglunnar á Suðurnesjum ættu heimilisofbeldisbrot að falla undir almenn hegningarlög þar sem þolandinn þarf ekki að leggja fram kæru. Lögreglan á Suðurnesjum hefur, eins og áður sagði, hafið markvisst átak til að reyna að uppræta heimilisofbeldi í sínu umdæmi en samkvæmt nýlegum rannsóknum þá er hlutfall heimilisofbeldis á Suðurnesjum með því hæsta sem gerist í landinu. Verkefnið er kallað að „Halda glugganum opnum“ og þegar lögregla kemur inn á heimili þar sem ofbeldi á sér stað er félagsþjónusta strax kölluð til. Þetta gerir það

að verkum að í stað þess að það sé beðið eru öll úrræði nýtt strax (Jón Júlíus Karlsson, 2014). Markmið verkefnisins er að bæta markvisst lögreglurannsóknir í málum er varða heimilisofbeldi með breyttum fyrstu viðbrögðum lögreglu. Þetta verkefni hefur gefið góða raun og hefur vakið athygli en verkefnið hlaut í janúar 2014 viðurkenningu frá nýsköpunarverðlaunum í opinberri þjónustu og stjórnsýslu fyrir árið 2013 (Nýsköpunarvefur, 2014). Fleiri heimilisofbeldismál hafa verið kærð og fengið framgöngu innan réttarkerfisins eftir að verkefnið var tekið upp. Einnig má nefna að vísbendingar eru um að með verkefninu sé verið að koma í veg fyrir ítrekunarbrott og að gerendur sem og þolendur séu í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Yfirmaður verkefnisins, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, bindur vonir við að með samvinnu lögreglu og félagsþjónustu aukist traust borgaranna á lögreglu og að öryggisnet samfélagsins eflist (Háskóli Íslands, 2014). Önnur lögregluembætti hafa íhugað að taka upp sambærilega starfshætti. Auk þess að nýta þau úrræði sem í boði eru notfærir lögreglan á Suðurnesjum sér þann lagaramma sem er til staðar og hefur fjarlæggt gerendur í ofbeldismálum af heimilum sínum. Þetta er að skila árangri en þrátt fyrir það telur embættið að þörf sé á lagabreytingum. Líkt og áður nefnir vill embættið koma þessum brottum inn í hegningarlög þannig að þau séu sjálfstæð brott þar sem þolandi þarf ekki að kæra heldur geri samfélagið það (Jón Júlíus Karlsson, 2014).

## **2.8. Tilgangur rannsóknarinnar**

Tilgangur þessarar rannsóknar er að gera okkur sem samfélag færari um að skilja og takast á við þarfir kvenna sem ákveða að slíta ofbeldissambandi sem og þarfir fjölskyldu og aðstandenda þeirra. Upplifun kvenna í ofbeldissamböndum við það að segja skilið við ofbeldismann er skoðuð og notkun þeirra á þeim úrræðum sem í boði eru. Þarfir þessara kvenna eru metnar í samræmi við upplifun þeirra. Með íhlutun og skoðunum kvennanna er að

einhverju leiti hægt að meta þá aðstoð sem er í boði en að auki fá konurnar sjálfar að koma með hugmyndir að úrbótum ef þeim þykir þess vera þörf.

### 3. Aðferð

Þessi rannsókn byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð en sú aðferð á vel við rannsóknarefnið. Áhersla var lögð á að þátttakendur lýstu upplifun sinni og reynslu af því að vera í ofbeldissambandi. Hér á eftir er rætt um rannsóknaraðferðir félagsvísinda, aðallega eigindlegar aðferðir og gerð verður grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru. Framkvæmd rannsóknarinnar er lýst og þátttakendur kynntir. Áreiðanleiki og réttmæti í eigindlegum rannsóknum sem og siðferðisleg álitamál þessarar rannsóknar eru rædd og síðast eru rannsóknarspurningarnar settar fram.

#### 3.1. Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðir félagsvísinda skiptast í grófum dráttum í eigindlegar og meginlegar aðferðir. Munurinn á eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum endurspeglar helst í því að markmið rannsókna eru mismunandi og nálgun viðfangsefnisins eftir því. Meginlegar rannsóknaraðferðir leggja áherslu á mælanlegar stærðir og hlutlægar staðreyndir og oft er ekki er notast við tölfræðilega greiningu gagna áður en greint er frá niðurstöðu. Þessi nálgun hentaði ekki rannsóknarefninu sem um ræðir, en aftur á móti virtust eigindlegar aðferðir eiga vel við. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru í raun regnhlífarhugtak yfir breitt svið og því getur verið erfitt að skilgreina þær. Í víðum skilningi er eigindleg rannsókn þó nálgun sem gerir rannsakanda kleift að skoða reynslu fólks í smáatriðum með því að nota ákveðin töl eða aðferðir. Vinsælustu aðferðirnar og tólin eru djúpvíðtöl, rýnihópar, þáttökuathuganir, innihaldsgreiningar, sjónrænar aðferðir svo sem ljósmyndir og lífs- eða ævisögur. Þessar aðferðir verða allar að fara eftir fyrirfram settum reglum, síðan eru gögnin greind og að lokum er greint frá niðurstöðum. Í raun mætti einfalda það og segja sem svo að eigindlegir rannsakendur fræðist um hluti í sínu eðlilega umhverfi og geri tilraunir til að skilja eða túlka fyrirbæri í gegnum þá merkingu sem fólk gefur þeim (Hennink o.fl., 2011).

Creswell (2007) setti fram það sem hann kallar fimm nálganir í eiginlegum rannsóknum, en hver nálgun á sér ákveðna sögu og rætur í tilteknum fræðigreinum. Hver þessara nálgana hefur svo getið af sér ákveðna aðferðafræði, samkvæmt honum. Þessar fimm nálganir eru etnógráfía, frásögurannsóknir, tilviksrannsóknir, fyrirbærafræði og grunduð kenning. Eins og áður segir eiga þessar nálganir sér mismunandi rætur og hafa þar af leiðandi mismunandi aðferðafræði og áherslur. Mikilvægt er að rannsakendur viti muninn á þessum mismunandi nálgunum svo þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um hvaða nálgun skuli nota. Í þessari rannsókn er stuðst við tvær af þessum nálgunum. Sú fyrri er fyrirbærafræðileg nálgun, en með þeirri hefð er leitast við að útskýra félagsleg fyrirbæri með því að skoða og túlka reynslu þeirra einstaklinga sem upplifa þau (Hennink o.fl., 2011). Hin nálgunin sem beitt er er grunduð kenning, en markmið grundaðrar kenningar er að þróa eða uppgötva kenningar fyrir ákveðið fyrirbæri sem tengir það við ákveðnar aðstæður (Creswell, 2007).

### **3.2. Fyrirbærafræðileg nálgun**

Rannsóknir sem byggja á fyrirbærafræðilegri nálgun lýsa reynslu nokkurra einstaklinga af ákveðnum atburðum eða ákveðnu fyrirbæri. Rannsakandi safnar gögnum frá einstaklingum sem hafa upplifað atburðinn eða fyrirbærið og þróa svo samsetta lýsingu af kjarna þessarar reynslu. Rannsakandi reynir eftir bestu getu að skýra frá því hvað þessir einstaklingar eiga sameiginlegt. Það er, hvernig þessir einstaklingar hafa upplifað fyrirbærið eða þann atburð sem rannsakaður er og hvað sé sameiginlegt í þeirri upplifun. Þessi nálgun reyndist passa vel við rannsóknarefnið þar sem skoðuð er reynsla og upplifun kvenna af því að segja skilið við karl sem hefur beitt þær ofbeldi. Þessi nálgun gefur rannsakanda kost á að þróa með sér dýpri skilning á því sem einkennir heimilisofbeldi, þolendur þess og þá reynslu sem það hefur í för með sér að slíta ofbeldissambandi. Gagnasöfnun fyrirbærafræðilegra rannsókna fer oftast fram með viðtölum þó að aðrar aðferðir séu einnig þekktar líkt og þátttökuathuganir, dagbækur og

fleira. Gagnagreining þessarar nálgunar er svo oftast á þá leið að farið er yfir afrit viðtalanna og mikilvægar staðhæfingar um hvernig einstaklingarnir upplifðu fyrirbærið eru undirstrikaðar. Þar á eftir er þessum staðhæfingum komið saman í klasa af merkingum sem síðar verða að þemum. Þessar staðhæfingar og þemu eru svo notuð til að skrifa upp lýsingu á reynslu þátttakenda (Creswell, 2007). Þessi nálgun býður upp á það að öðlast dýpri skilning á þeirri reynslu sem konur hafa af því að hafa verið í og slitið ofbeldissambandi. Að skilja og þekkja hinn sameiginlega reynsluheim getur þannig verið gagnlegt fyrir þá sem koma að meðferðum og úrræðum fyrir konur í þessari stöðu. Fyrirbærafræðilega nálgunin snýst fyrst og fremst um það hvernig best sé að nálgast viðfangsefnið og safna gögnum um það. Grunduð kenning segir okkur hinsvegar meira um hvað gert skuli við þau gögn sem safnað hefur verið.

### **3.3. Grunduð kenning**

Barney Glaser og Anslem Strauss lögðu um miðjan sjöunda áratuginn grunn að því sem kallað hefur verið grunduð kenning. Þróun grundaðrar kenningar byggði á þeim greinandi aðferðum sem rannsakendur notuðu þá þegar í eigindlegum rannsóknum. Grunduð kenning er vinsæl aðferð í eigindlegum rannsóknum vegna þess að hún býður upp á fræðilega nálgun en á sama tíma gefur hún kost á túlkun rannsakanda sem er stór hluti eigindlegra rannsókna. Grunduð kenning er ekki kenning í sjálfri sér, heldur er hún í raun ferli sem notað er við að þróa kenningu út frá eigindlegri rannsókn (Hennink o.fl., 2011).

Grunduð kenning býður upp á nálgun þar sem hægt er að byggja upp kenningu með vandvirkum athugunum á hinum félagslega heimi. Hún samanstendur af ákveðnum grundvallarreglum sem eru þó einungis til viðmiðunar en ekki ákveðin formúla. Þessar undirliggjandi grundvallarreglur eru nokkrar en gert er ráð fyrir að greining gagna sé hringlaga ferli en ekki línulegt. Verkefni geta verið endurtekin, skarast eða gerð samtímis í greiningarferlinu og gerir þannig rannsakanda kleift að kafa dýpra í gögnin. Orðrétt afrit

viðtala eru notuð við greiningu en það auðveldar rannsakanda að skilja skoðanir og upplifun þátttakenda út frá þeirra eigin orðum. Rannsakandi getur þannig túlkað orðin og ályktað um merkingu þeirra beint úr gögnunum. Gagnasöfnun og greining eru samtvinnuð þar sem hluti greiningar byrjar um leið og gagnasöfnun á sér stað og stöðugur samburður er notaður í gegnum greininguna (Hennink o.fl., 2011). Með þessari aðferð er þannig ekki gert ráð fyrir að rannsóknir byrji með kenningum heldur er notuð svokölluð aðleiðsla sem gerir ráð fyrir að hugtök og kenningar séu grundaðar í rannsóknargögnunum (Creswell, 2007). Þessi aðferð hentaði rannsókninni vel ásamt fyrirbærafræðilegu nálguninni.

### **3.4. Framkvæmd rannsóknar**

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í október 2012. Þá önnina var ég skráð í tvö námskeið sem bæði sneru að því að undirbúa nemendur fyrir lokaverkefni sín, eigindlegar rannsóknaraðferðir I og rannsóknaraðferðir félagsvísinda. Í þessum námskeiðum gafst nemendum kostur á því að læra aðferðirnar sem notaðar eru við framkvæmdir rannsókna ásamt því að prófa að nota þær sjálfir. Kennarar hvöttu nemendur til að nýta sér þessi námskeið í undirbúningi fyrir lokaverkefni sem ég og gerði. Í námskeiðinu um eigindlegar rannsóknaraðferðir varð viðtalsramminn til að mestu leiti og ég tók tvö viðtöl sem nýtt voru sem svokölluð prufuviðtöl fyrir rannsóknina og annað þeirra endaði að lokum sem hluti af rannsókninni. Í rannsóknaraðferðum félagsvísinda lærðum við svo að gera rannsóknaráætlun og kynntum tilvonandi rannsókn fyrir samnemendum og kennurum. Þennan grunn nýtti ég svo þegar ég kynnti hugmynd mína fyrir leiðbeinanda mínum í desember 2012.

Eftir að hafa lesið mér svolítið til um fyrri rannsóknir og rætt við tvo kennara tók ég þá ákvörðun að hafa einungis konur í úrtakinu. Ástæðan er einfaldlega sú að auðveldara er að nálgast konur sem hafa verið í ofbeldissamböndum heldur en karla. Konur eru meirihluti þolenda og Kvennaathvarfið, sem aðstoðaði mig við að finna þátttakendur fyrir rannsóknina,

hýsir einungis konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi en slíkt athvarf er ekki til fyrir karla hér á landi. Úrtakið sem ég notaðist við var svokallað hentugleikaúrtak (e. convenience sample) þar sem valin var hópur sem uppfyllti þau skilyrði sem þurfti til að lenda í úrtaki en rannsakandi taldi þá aðferð henta best þar sem um sérstök skilyrði var að ræða. Ekki var sérstaklega að því gætt að allir einstaklingar í þýðinu hefðu jafna möguleika á að lenda í úrtakinu eðli rannsóknarefnisins vegna. Af því leiðir að varhugavert mun verða að alhæfa um niðurstöður þessarar rannsóknar.

Eftir að hafa tilkynnt rannsóknina til Persónuverndar auglýsti ég eftir viðmælendum. Fyrsta auglýsingin fór í loftið á heimasíðunni bland.is í febrúar 2013. Ég ákvað að nýta þessa leið þar sem hún hafði reynst mér vel þegar ég auglýsti eftir viðmælendum fyrir prufuviðtölin. Svörin létu ekki á sér standa og viðtölin fóru af stað. Ekki var hægt að bjóða öllum þeim konum sem svöruðu að taka þátt í rannsókninni þar sem sumar þeirra sem svöruðu auglýsingunni hentuðu ekki úrtakinu eða bjuggu ekki á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess. Auk þessa hafði ég samband við Kvænnaathvarfið og fékk að hengja upp auglýsingu og skilja eftir kynningarbréf þar í mars 2013. Samtals auglýsti ég þrisvar á bland.is og fékk í öll skiptin um það bil helmingi fleiri svör en ég gat síðan notað. Þó nokkuð var um að konur sýndu rannsókninni áhuga en hættu svo við. Í heildina fékk ég 24 svör á bland.is, sjö þeirra hættu við þátttöku á einhverjum tímapunkti, tíu hentuðu ekki í úrtakið eða bjuggu of langt frá höfuðborgarsvæðinu og sjö urðu að viðtölum sem nýtt voru í rannsókninni. Líkur eru á að þessar sjö konur sem hættu við þátttöku endurspegli það hversu viðkvæmt rannsóknarefnið er og að það reynist ekki öllum jafn auðvelt að tjá sig um málefnið. Að lokum má svo nefna að ég fékk þrjá viðmælendur í gegnum Kvænnaathvarfið. Það voru tvær konur sem voru þar í dvöl og ein sem kom reglulega í viðtöl.



### 3.5. Gagnasöfnun

Viðtölin urðu tíu talsins við jafnmarga þátttakendur og voru þau framkvæmd á 13 mánaða tímabili. Fyrsta viðtalið fór fram í október 2012 en hin viðtölin voru öll tekin árið eftir, eitt í mars, þrjú í apríl og tvö í maí. Að loknu sumarfríi fóru svo fram síðustu þrjú viðtölin, tvö í október og eitt í nóvember 2013. Viðtölin voru öll tekin upp á stafrænt upptökutæki og flutt þaðan í tölvu til úrvinnslu. Að meðaltali voru viðtölin um 70 mínútur að lengd en það stysta var tæpar 26 mínútur og það lengsta rúmlega 112 mínútur. Helmingur viðtalanna fór fram á heimili viðmælenda, tvö þeirra fóru fram heima hjá mér og þrjú í Kvennaathvarfinu. Yfirleitt var hægt að haga aðstæðum þannig að lítið var um utanaðkomandi truflun.

Tvö viðtölin voru þó tekin upp á röngu sniði, vegna stillingarörðugleika. Eftir að hafa reynt að laga upptökurnar og fá hljóðmann til þess að gera það sama og ekkert gekk þurfti að spila upptökurnar úr upptökutækinu í hátalara og taka þær upp á tölvu til að geta afritað þær. Eftirleikurinn var ekki mjög auðveldur þar sem upptökurnar voru með frekar lélegu hljóði en afritun tókst þó á endanum. Í heild gengu viðtölin vel fyrir sig og þátttakendur voru flestir duglegir að tjá sig. Viðtölin voru svokölluð hálfopin viðtöl en ég hafði viðtalsramma við hendina sem aðstoðaði mig við að leiða viðmælendur mína áfram í þá átt sem hentaði rannsókninni sem best. Þrátt fyrir það passaði ég að spyrja ekki of mikið og leyfa viðmælendunum frekar að tjá sig og segja frá sínum skoðunum, reynslu sinni og upplifun.

### 3.6. Þátttakendur

Þátttakendur voru sem fyrr segir tíu konur, níu viðmælendur höfðu slitið sambandi við ofbeldismanninn en einn var ennþá giftur ofbeldismanni. Það var mjög mislangur tími frá sambandsslitum viðmælenda við maka sína, allt frá 5 dögum upp í 22 ár. Helmingur kvennana hafði verið í sambandi með einum manni sem hafði beitt þær ofbeldi en hinn helmingurinn átti að baki tvö mismunandi sambönd sem bæði einkenndust af ofbeldi. Aldur þátttakenda var

ágætlega dreifður eða á bilinu 30-57 ára og meðalaldurinn var tæplega 42 ár. Aldur skipti þó ekki höfuðmáli í þessu samhengi, heldur var það reynslan af því að hafa verið í ofbeldissambandi sem skipti máli.

Helmingur viðmælendanna var, þegar viðtölin fóru fram, ekki á vinnumarkaði. Þær konur áttu það allar sameiginlegt að hafa þurft að yfirgefa vinnumarkaðinn vegna veikinda og flestar vegna veikinda sem hægt var að rekja til ofbeldisins sem þær bjuggu við. Fjórar af þeim fimm konum sem voru á vinnumarkaði unnu við umönnunarstörf og ein í tækniþjónustu. Sjö af tíu viðmælendum ólust upp úti á landi en þrjár á höfuðborgarsvæðinu. Hér á eftir verður hver þátttakandi kynntur sérstaklega en aldur, lengd sambands og lengd frá sambandsslitum miðast allt við þegar viðtalið var tekið. Nöfnum þátttakanda og annarra sem nafngreindir eru hefur verið breytt til að halda trúnað.

Elísabet er 39 ára, hún á eitt ofbeldissamband að baki. Elísabet er ekki á vinnumarkaði sökum veikinda en vann síðast við umönnun. Hún er einstæð móðir og hún og 17 ára gömul dóttir hennar búa tvær saman. Vert er að taka fram að ofbeldismaðurinn er ekki faðir stúlkunnar. Elísabet kemur úr tengslalítilli fjölskyldu en á þrjár systur, hún er næst yngst. Það eru þrjú ár síðan Elísabet sagði skilið við ofbeldismanninn. Hún flúði frá sveitafélaginu sem þau bjuggu í og flutti erlendis til að byrja með. Elísabet varð fyrir andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu ofbeldi.

Tinna er 43 ára, hún á tvö ofbeldissambönd að baki. Fyrri manningnum var hún gift í fjögur ár lagalega séð, þó þau hafi verið skilin að borði og sæng eftir tveggja ára hjónaband. Hún var í sambúð í þrjú ár með þeim seinni. Tinna vinnur í 100% vinnu í sínu sveitarfélagi. Hún er einstæð móðir og býr ein með syni sínum, en hún á þó einnig uppkomna dóttur sem hún á með fyrri ofbeldismanninum. Tinna varð fyrir andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu ofbeldi. Það eru 22 ár síðan hún yfirgaf fyrri eiginmann sinn en hann beitti hana samt ofbeldi í sex ár eftir skilnað. Seinna sambandið endaði fyrir 14 árum síðan.

Guðrún er 39 ára, hún á tvö ofbeldissambönd að baki. Fyrri sambandsslitin, sem voru fyrir 17 árum síðan, voru ekki dæmigerð fyrir ofbeldissamband. Hún fór strax eftir fyrsta tilfelli af líkamlegu ofbeldi, en algengara er að konur séu í einhvern tíma áfram í sambandinu. Síðara sambandið einkenndist mjög fljótlega af andlegu ofbeldi og varð síðan einnig líkamlegt og fjárhagslegt. Það eru 10 ár síðan hún fór frá þeim manni. Í dag er Guðrún gift, á eina stúlku og vinnur í 100% vinnu við tækniþjónustu. Vert er að taka fram að hvorugur ofbeldismaðurinn er faðir stúlkunnar en Guðrún átti hana fyrir með öðrum manni.

Harpa er 45 ára og á eitt ofbeldissamband að baki. Ofbeldissambandið stóð yfir lengi eða í tæp 25 ár en það eru einungis eitt og hálf ár síðan hún yfirgaf ofbeldismanninn. Í dag er Harpa ekki á vinnumarkaði vegna veikinda tengdum ofbeldinu en hún er að vinna í því að styrkja sig og þegar viðtalið fór fram dvaldi hún í Kvænnaathvarfinu. Hún og ofbeldismaðurinn eiga tvær dætur sem dvelja hjá honum sökum veikinda hennar. Harpa varð fyrir líkamlegu, andlegu og fjárhagslegu ofbeldi og verður enn í dag (þegar viðtalið fór fram) fyrir andlegu ofbeldi af hans hálfu.

Svana er fimmtug og hefur verið gift tveimur ofbeldismönnum. Þeim síðari, Róberti, er hún enn gift í dag. Fyrri hjónabandið varði í 16 ár og þar varð Svana fyrir líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Seinna hjónabandið hefur staðið yfir í fimm ár og þar hefur Svana orðið fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi. Í dag mætir hún í Kvænnaathvarfið í viðtöl einu sinni í viku og maðurinn hennar er í Karlar til ábyrgðar. Svana á tvær uppkomnar dætur með fyrri eiginmanni sínum sem eru í dag uppkomnar en þær hafa slitið tengslum við móður sína vegna núverandi eiginmanns. Á síðasta ári var Svana greind sem 75% öryrki og hætti þá á vinnumarkaði þar sem hún hafði áður unnið í rúmlega 100% starfi.

Jóna er 47 ára og hefur verið gift tveimur ofbeldismönnum. Þeim fyrri var hún gift í fimm ár en þeim síðari var hún gift í tuttugu ár. Jóna varð í báðum hjónaböndum fyrir andlegu, líkamlegu, fjárhagslegu og kynferðislegu ofbeldi. Þegar við hittumst var hún nýfarin frá seinni

eiginmanni sínum, heimilislaus og dvaldi í Kvennaathvarfinu. Hún er öryrki og vinnur ekki. Jóna og fyrri eiginmaður hennar eiga saman eina 16 ára dóttur sem dvelur hjá ömmu sinni föðurmegin.

Þórunn er 33ja ára, gift, þriggja barna móðir. Hún var í sjö ár í sambandi með ofbeldismanni en í dag eru sex ár síðan hún gafst upp og fór frá honum. Þórunn á elsta barn sitt, sjö ára dreng, með ofbeldismanninum, hin tvö börnin eru börn hennar og núverandi eiginmanns. Hún varð fyrir andlegu, fjárhagslegu og kynferðislegu ofbeldi í sambandi sínu. Í dag vinnur Þórunn fulla vinnu umönnun barna, er hamingjusöm og stefnir á að flytja út á land, hefja þar nýtt líf og reyna um leið að losna algjörlega undan ofbeldismanninum sem er enn að hafa áhrif á líf hennar.

Lísa er 30 ára, gift, þriggja barna móðir. Í dag eru 12 ár síðan Lísa yfirgaf ofbeldismann eftir eins og hálfis árs samband. Þau eiga saman eina 13 ára gamla dóttur. Lísa er í 100% vinnu og háskólanámi og er gift öðrum manni í dag. Hún og eiginmaður hennar eiga tvö börn, dreng og stúlku. Lísa varð fyrir andlegu, líkamlegu, fjárhagslegu og kynferðislegu ofbeldi í sambandi sínu. Þrátt fyrir að 12 ár séu síðan hún fór frá ofbeldismanninum hefur hann ennþá áhrif á líf hennar í dag þar sem hann sækir reglulega um að fá forræði yfir dóttur þeirra.

Hildur er 57 ára og var gift ofbeldismanni í 16 ár. Það eru 11 ár síðan hún sagði skilið við ofbeldismanninn og flutti í burtu með syni þeirra tvo en fyrir átti Hildur eina dóttur. Öll börnin eru nú flutt að heiman og Hildur býr í dag ein og vinnur fulla vinnu. Hún varð fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi í hjónabandi sínu. Hildur hefur miklar áhyggjur af sonum sínum sem ólust upp við ofbeldi á heimilinu en annar þeirra hefur beitt ofbeldi í sínum ástarsamböndum.

Hafdís er 44 ára og á tvö ofbeldissambönd að baki. Hún á fjögur börn, þrjú þeirra með fyrrverandi sambýlismanni sínum sem er fyrri ofbeldismaðurinn í hennar lífi og eitt með öðrum manni. Hafdís var með fyrri manninum í 18 ár og þeim síðari í þrjú. Í bæði skiptin var

það hún sem henti þeim út. Sá fyrri fór út fyrir sjö árum en sá seinni fyrir fjórum. Í fyrra sambandinu varð Hafdís fyrir andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu ofbeldi. Í því síðara varð hún fyrir andlegu og kynferðislegu ofbeldi.

### **3.7. Áreiðanleiki og réttmæti**

Hafa ber í huga að hugtökin áreiðanleiki (e. reliability) og réttmæti (e. validity) hafa annað gildi í eigindlegum rannsóknum en meginlegum sökum þess að ekki er hægt að gera kröfu um hlutlægni. Rannsakandi myndar tengsl við þátttakendur, til dæmis þegar viðtöl eru tekin. Rannsakandi þarf að hafa aðferðina sem hann velur í samræmi við viðfangsefnið og þegar gögnin eru túlkuð þurfa rök að vera skýr og sannfærandi. Til að eigindleg rannsókn geti talist áreiðanleg verður að gæta samræmis í rannsóknarniðurstöðum, það er, að ekki séu mótsagnir í niðurstöðum. Til að rannsókn teljist réttmæt þarf rannsakandi að hafa strangt gæðaeftirlit í öllu rannsóknarferlinu, gagnaöflun, afritun gagna og túlkun (Kvale, 1996). Rannsakandi leitaðist við eftir fremsta megni að hafa þessi atriði í huga í aðdraganda, framkvæmd rannsókna og við úrvinnslu gagna.

### **3.8. Siðferðisleg álitamál**

Siðferðisleg ábyrgð rannsakanda í eigindlegum rannsóknum er sú sama og í annars konar rannsóknum. Siðferðisleg álitamál í eigindlegum rannsóknum geta þó verið meira áberandi aðferðarinnar vegna. Aðferðin er notuð til að heyra hvernig þátttakendur skynja ákveðið fyrirbæri og til að kynnast skoðunum og áliti þeirra. Við viljum heyra rödd viðmælanda og til þess þarf að byggja upp traust við þátttakendur. Nálægðin og tengslin sem myndast milli rannsakanda og þátttakanda í kjölfar þess að nota þessa aðferð krefst þess að rannsakandi íhugi vel þær siðferðislegu meginreglur sem fylgja því að gera eigindlega rannsókn (Hennink

o.fl., 2011). Kvale (1996) bendir á þrjár meginreglur sem tengjast siðferði í eigindlegum rannsóknum. Fyrst má nefna nytjahyggju en samkvæmt henni verður rannsókn að leiða af sér einhverskonar ávinning. Í öðru lagi má nefna dyggð en sú regla byggir á heilindum og heiðarleika rannsakanda og að mikilvægt sé að fá upplýst samþykki þátttakenda. Í þriðja og síðasta lagi er það svokölluð skyldusiðfræði sem felst í virðingu fyrir einstaklingnum. Samkvæmt þessari reglu er nauðsynlegt að þátttakendur beri ekki skaða af (Kvale, 1996). Til þess að svo verði ekki verður viðkomandi að halda trúnað með því að geyma upplýsingar um viðkomandi á öruggum stað og gera gögnin nafnlaus þannig að viðkomandi þekkist ekki. Auk þess er oft um að ræða viðkvæm málefni og því þarf enn frekar að hafa í huga þær siðferðislegu meginreglur sem gilda um eigindlegar rannsóknir (Hennink o.fl., 2011).

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er viðkvæmt og því hafði rannsakandi ávallt í huga að fylgja þeim siðferðislegu meginreglum sem settar hafa verið fram hér að ofan. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og kynnt fyrir þátttakendum skriflega sem og munnlega. Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki áður en viðtal fór fram þar sem fram kom að viðkomandi mætti hætta hvenær sem er og þyrfti ekki að svara einstökum spurningum. Enginn þátttakandi hlaut skaða af þátttöku sinni í rannsókninni en konunum þótti öllum gott að tala um upplifun sína við einhvern sem sýndi þeim áhuga. Fullum trúnaði var haldið við þátttakendur með því að breyta nöfnum þeirra við afritun og eftirvinnslu gagna auk þess sem öll staðarheiti og kennileiti voru tekin út. Eins gætti rannsakandi þess að gögnin kæmust ekki í rangar hendur. Ávinningur af rannsókninni mun alltaf vera einhver en tilgangur hennar er að fagfólk og almenningur verði færari um að skilja þarfir kvenna þegar ofbeldissambandi er slitið og að hægt sé að veita þeim þá faglegu aðstoð sem þær þurfa.

### **3.9. Rannsóknarspurning**

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á upplifun kvenna af því að slíta ofbeldissambandi og hefja nýtt líf. Notkun þeirra á þeim úrræðum sem eru í boði verður skoðuð og upplifun þeirra á Kvennaathvarfinu og lögreglunni. Eins verður skoðað hvernig konurnar upplifa umfjöllun fjölmiðla um heimilisofbeldi og hvernig þær upplifa viðhorf samfélagsins gagnvart sér sem þolanda. Rannsóknarspurningin sem höfð er að leiðarljósi er: „Hver er reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi?“.

## 4. Niðurstöður

Niðurstöðukaflinn skiptist í fimm meginhluta eða fimm meginþemu. Öll þessi þemu stefna að því að svara rannsóknarspurningunni sem sett var fram í aðferðarkafnanum „hver er reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi?“. Til að reyna að svara þessari spurningu verður upplifun þátttakenda skoðuð eins og hún kemur fram í frásögnum þeirra. Það var áhugavert að sjá hversu fjölbreytt reynsla þátttakenda var en þó voru rauðir þræðir í frásögnum flestra þeirra sem varð að þeim sameiginlega kjarna sem myndaði þemun sem hér verða skoðuð. Rannsóknarspurningin og efnið sem henni tengist er þess eðlis að túlkun viðmælenda á viðfangsefninu og þeirra reynsla og upplifun verða að mestu leyti notuð til að svara rannsóknarspurningunni og þeim atriðum sem að henni snúa.

Í fyrsta hlutanum er gerð grein fyrir upplifun kvennanna af hegðun karlsins, þar er greint frá hegðun karlanna gagnvart konunum eins og þær lýsa henni. Stiklað er á stóru um það hvernig konurnar lýsa fari þeirra og hegðun þegar samband hefst og á meðan á ofbeldinu stendur. Síðan er ítarlegar farið í það hvernig makar kvennanna bregðast við eftir að sambandi er slitið og á meðan það ferli á sér stað. Í næsta hluta er skoðað af hverju konurnar fóru/fara ekki, af hverju þær fóru á endanum, hvernig þær fóru og hvað olli þeim mestri streitu við að fara. Í þriðja hlutanum er reynt að greina sem best frá því hvernig konurnar upplifðu það að hefja nýtt líf án ofbeldismannsins. Þar er einnig skoðað hvaða afleiðingar, andlegar og líkamlegar þær þurfa að takast á við í sínu lífi í kjölfar sambandsslitanna. Í fjórða hlutanum er farið yfir notkun þátttakenda á þeim úrræðum sem í boði eru og upplifun þeirra af þeim. Í síðasta hlutanum er svo útlistað hvað konunum finnst um umfjöllun fjölmiðla, hvað þeim finnst mega bæta þar og að lokum eru tillögur þátttakenda að úrbótum á sviði úrræða reifaðar.



#### 4.1. Hegðun karlanna

Allir beittu karlarnir andlegu ofbeldi en helmingur kvennanna var í fleiri en einu ofbeldissambandi þannig að um er að ræða 15 karlmenn. Níu konur urðu fyrir líkamlegu ofbeldi, átta þeirra bjuggu við fjárhagslegt ofbeldi og fimm urðu að auki fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka. Í flestum tilfellum töluðu þátttakendur um að andlegt ofbeldi og niðurrif hefðu hafist mjög fljótlega í sambandinu, það tók konurnar hinsvegar mislangan tíma að komast að því að um ofbeldi væri að ræða. Margar þeirra tala um að það sem þeim fannst vera ást, umhyggja og góðmennska í upphafi hafi reynst stjórnsemi og ráðríki. Í framhaldi einangruðust þær og bjuggu við mikla afbrýðissemi og oftast en ekki hótanir. Nokkrar kvennanna tala um að makar þeirra hafi verið fullir minnimáttarkenndar. Flestir komu karlarnir þó vel fyrir út á við, voru góðir og sýndu sínar bestu hliðar á svokölluðum hveitibrauðsdögum (sjá ofbeldishringinn bls. 14). Margir þeirra festu konur sínar eins og þær orða það með því að fá þær til að giftast sér eða barna þær og eins höfðu þeir oft á þeim fjárhaldstaumhald. Þrír karlanna hafa verið greindir með geðsjúkdóm og helmingur karlanna misnotaði áfengi og vímuefni.

Í flestum tilfellum þegar konan bryddaði upp á því að slíta sambandinu eða steig skrefið til fulls og sleit því hafði það alvarlegar afleiðingar í för með sér. Karlarnir reyndu yfirleitt það sem þeir gátu til að gera konunum erfitt fyrir. Þegar til lögskilnaðar kom áttu konurnar oft erfitt verk fyrir höndum. Karlarnir vildu ekki skilja við þær, tóku engan þátt, mættu ekki þangað sem mæta átti og neituðu að skrifa undir pappíra. Tinna talar um að á sínum tíma hafi hennar maki ekki viljað skilja við hana og hafi dregið það í tvö ár. Á meðan fékk hún ekki meðlag með dóttur þeirra, vann lítið sem ekkert og átti mjög erfitt fjárhagslega. Svana hefur svipaða sögu að segja og talar um að það hafi tekið hana allan þann tíma sem þarf til að skilja, sirka þrjú ár í heildina, til þess að fá hann til þess. Mjög mislangt var frá því konurnar slitu sambandi sínu við makann þar til viðtalið var tekið, allt frá nokkrum dögum upp í 22 ár. Ein

þeirra er enn í sambandi með ofbeldismanni en sá maður er ofbeldismaður númer tvö í hennar lífi. Allar upplifðu konurnar mótlæti og kúgun frá karlinum bæði í sambandinu og þegar þær reyndu að slíta því.

#### **4.2. „Hann hefur áhrif þó hann sé farinn“**

Karlarnir héldu flestir áfram að hafa áhrif þó þeir væru farnir og áttu það sameiginlegt að það kom þeim á óvart þegar konurnar stigu skrefið og slitu sambandinu. Margir þeirra reyndu stöðugt að hafa samband og áreittu konurnar eftir að sambandi lauk og höfðu þannig áfram áhrif á þær. Tinna talar um að þegar hún hafi endað sambandið hafi maki hennar pakkað dótinu hennar niður í kassa og hoppað svo ofan á þeim. Þegar hún svo var að flytja út með aðstoð föður síns elti fyrrverandi makinn hana út og dældaði bíl föður hennar með því að berja í húddið. Síðar þegar Tinna var búin að koma sér fyrir á öðrum stað mætti hann heim til hennar:

Hann braust inn í íbúðina mína ... hann kom bara, hann klifraði upp á aðra hæð, hann reiddaði sér alltaf, kom inn um svalardyrnar hjá manni og svona ... hann var alltaf að koma, þú veist, hann kom og hélt mér í gíslingu, lagði á mig hendur.

Fleiri þátttakendur höfðu svipaða sögu að segja og í heildina nefndu fjórar kvennanna, að fyrra bragði, að eftir að þær slitu sambandinu hafi þær ekki viljað búa á jarðhæð þar sem hægt væri að fylgjast með þeim eða í húsi sem auðvelt var að komast inn í. Margar þeirra höfðu orðið fyrir umsátri af hálfu fyrrverandi maka og nokkrar sögðust hafa skráð sig úr símaskránni til að fyrrverandi sambýlismaður gæti ekki vitað hvar þær ættu heima. Margar skiptu einnig um símanúmer vegna áreitis í gegnum síma. Sumar enduðu á að flýja sveitafélagið sitt eða

jafnvel til útlanda til að losna við áreiti af hálfu fyrrverandi maka þegar að sambandi lauk. Jóna segir að hún hafi ekki einu sinni losnað við hann þegar hún fór til útlanda því hann hélt áfram að hringja í hana þangað til að stjórna henni. Í þeim tilfellum notaði maðurinn dóttur þeirra, sem hafði farið með Jónu út, sem afsökun fyrir símtölunum en vildi svo lítið eiga samskipti við hana.

Fleiri konur lýsa því hvernig karlinn hefur notað börnin gegn þeim og að hann hafi ekki bara haft áhrif á þær eftir að sambandinu lauk heldur líka börnin þeirra. Hafdís talar um að hennar fyrrverandi hringi reglulega í börnin, oft undir áhrifum, hræði þau og tali illa um hana við þau. Tinna nefnir að í kringum hátíðir og afmæli hafi hann yfirleitt haft samband en þegar fram liðu stundir, hafi hann hætt því:

Hann hætti öllum samskiptum við hana þegar hún var 10 ára, sendi henni ekki jólagjafir eða afmælisgjafir ... hann hefur haft þvílík áhrif á líf okkar beggja, þú veist, öll þessi ár, þó svo að hann hafi verið löngu farinn.

Þórunn segir einnig frá erfiðum samskiptum í sambandi við barnið þeirra í kringum hátíðir:

Þetta voru mín jól, hans áramót, hann neitaði að taka hann um áramótin og ætlaði að hirða jólin af mér og ég sagði nei þú hirðir ekki jólin af mér og systir hans hringir í mig klukkan fjögur á aðfangadegi brjáluð af því að þeirra fjölskylda er ekki að fara að hitta strákinn og eitthvað svona og ég sagði heyrðu þetta er ekki mitt vandamál, að hann sé að neita sínum tíma hann á áramótin, allavegana þá varð allt snarvitlaust í fjölskyldunni. Það var hótad bara lögreglunni á mig og allan pakkann og rífa hann af mér og ég veit ekki

hvað og hvað, á endanum, ég keyrði hann uppeftir klukkan fimm á aðfangadegi upp í D (sveitarfélag) grenjandi með krakkann.

Fyrirverandi kærasti Lísu reynir reglulega að sækja um forræði yfir dóttur þeirra enn þann dag í dag 11 árum eftir að hún sleit sambandinu:

Það hefur ekkert gengið neitt sérstaklega vel hjá honum sko svona þegar hann alltaf á endanum fer og dettur í það aftur það er bara þú veist, honum er ekkert viðbjargandi sko, ég meina ég vildi óska þess að hann væri bara heilbrigður og gæti sinnt dóttur sinni en ég meina hún er ekki búin að sjá hann síðan að hún var eins árs ... en ég fæ náttúrulega alltaf illt í, í þú veist, í hjartað í hvert skipti sem að ég fæ bréf frá Sýsló um að hann sé að sækja um að fá hana sko.

Fleiri kvennanna en Lísu segjast hafa upplifað þennan sting í hjartað, að hafa fengið kvíðahnút í magann eða liðið illa á einhvern hátt þegar þeirra fyrirverandi hefur reynt að hafa samband, þær sjá hann úti á götu eða fréttu af honum á einn eða annan hátt. Flestar þeirra upplifa á einhverjum tímapunkti martraðir og/eða endurlit (e. flashback) sem veldur þeim óþægindum. Tinna talar um þær óþægilegu tilfinningar sem fylgja því að vera ennþá hrædd við fyrirverandi maka:

Alltaf þegar ég var í fjölmenni þá var ég alltaf að leita eftir andlitinu á honum sko að hann væri að fylgjast með mér það svona, sem sagt ég var stressuð yfir því í mörg ár á eftir og það kemur ennþá ... ég er ennþá hrædd við þennan mann ... ef það dinglar einhver og ég veit ekki að það er einhver að koma þá

kippest stundum svona aðeins í manni þó það séu komin 20 eða þú veist næstum 20 ár síðan sko.

Elísabet nefnir að hún frétti stundum af sínum fyrrverandi maka, en þau búa í dag í sitthvorum landshlutanum. Þegar hún heyrir af því að hann ætli kannski að flytja á höfuðborgarsvæðið eða nær henni hættir hún að sofa á næturnar og fær mikil kvíða- og hræðsluköst. Það sem situr þó eftir hjá mörgum af þátttakendum rannsóknarinnar, sérstaklega þeim sem hafa látið eða ekkert unnið úr sínum málum, er skömm, skömmin yfir að hafa látið koma svona fram við sig.

## 5. Að fara eða ekki fara

Það getur reynst konunum erfitt að slíta sambandi við maka sinn því í flestum tilfellum hefur hann ekki einungis taumhald á þeim á einhvern hátt heldur eru þær oftast en ekki ástfangnar af honum í upphafi og sumar jafnvel enn undir lokin á sambandinu. Að sleppa ástinni getur verið erfitt en þátttakendur hafa þó gert það á endanum en oftast var ástin ekki lengur fyrirstaða í enda sambands. Í þessum kafla er því lýst af hverju konurnar slitu ekki sambandinu til að byrja með sem og af hverju og hvernig þær slitu því svo á endanum.

### 5.1. Af hverju fer/fór hún ekki?

Það geta verið þó nokkrar ástæður fyrir því að konur í ofbeldissambandi yfirgefa ekki ofbeldismanninn. Svana sem er eini viðmælandi minn sem var enn í ofbeldissambandi þegar viðtalið fór fram talar um að hún hafi mikið leitað sér hjálpar. Það voru „allir tilbúnir að koma með einhverja svona lausn ... en lausnin er alltaf, farið í sundur ... það fann enginn lausnina, það voru allir tilbúnir að slíta en ég slít ekki nema ég sé 100%“. Sex kvennanna töluðu um að þær hefðu haldið að ofbeldi myndi minnka eða jafnvel hætta. Þetta er vísbending um það að konurnar hafi ekki endilega viljað ljúka sambandinu eða fara, heldur frekar reyna að bæta það. „Þetta hlýtur að vera síðasta skiptið nú verður allt miklu betra af því að hann var alltaf svo góður daginn eftir“ segir Tinna til að mynda þegar hún rifjar upp ástæður þess að hún hefði ekki skilið við sinn fyrrverandi. Harpa tekur undir með Tinnu „hann var ekkert hættur sko, þá komu bara bestu hliðarnar og ægilega góður og bestur í heiminum og allt það ... og þá hættir mér til að gleyma hinu“. Líkt og Harpa segir, hann var ekkert hættur og það reyndist þannig í öllum tilfellum að ofbeldi hætti ekki. Hafdís talaði um að hún hefði fært sín eigin mörk og búið til ný, í stað þess að halda að ofbeldi myndi lagast eða hætta:

Þú ert búin að finna mann sem þú ætlar að búa með, og býrð með og svona og elskar hann út af lífinu og allt það og svo lemur hann þig, það hlýtur að hafa verið óvart sko, og svo gerist þetta aftur og maður færir alltaf mörkin. Fyrst bara já hann brýtur allt sko, þú veist, en ef hann snertir mig sko, þá! Svo kemur að því að hann snertir mig og, þú veist ef hann gerir þetta aftur sko, þá! Og svo er það orðið ef þetta fer í andlitið ... og svo er það orðið ef hann lemur krakkana ... já maður færir þau bara sko, á meðan þetta er ekki svona er þetta í lagi svo verður þetta svona þá bara býr maður sér til nýtt sem er já bara það sem maður getur lifað af sko og á endanum situr maður uppi með allt í klessu.

Það er í flestum tilfellum miklu meira en að segja það að hætta með ofbeldismanni. Elísabet talar um að hún hafi aldrei ætlað að verða fórnarlamb neins en að karlar sem beiti ofbeldi séu mjög lagnir við að brjóta konur niður. Niðurstöður sýna að konurnar gera sér yfirleitt ekki strax grein fyrir því að verið sé að beita þær ofbeldi eins og áður segir. Með tímanum verða þær einangraðar, ósjálfstæðar, fara í afneitun gagnvart ofbeldinu og lifi við stöðuga hræðslu. Margar konurnar höfðu upplifað hótanir og í einhverjum tilfellum stöðvaði það þær frá því að slíta sambandinu. Makarnir hótuðu þá annað hvort að meiða þær „hann hótaði að eyðileggja á mér andlitið svo enginn annar myndi vilja mig“ segir Tinna eða jafnvel drepa þær „hann vildi bara að maður væri hræddur ... sagðist ætla að drepa mig“ segir Elísabet. Ef það gekk ekki að hótta konunum beint þá beittu þeir annað hvort sjálfum sér „hann var farinn að hótta mér að ef ég færi að þá myndi hann drepa sig“ segir Harpa sem dæmi eða að skaða börnin þeirra eða jafnvel taka þau af konunum ef að þær færu. Svana talar um að hún hafi verið komin með svo brotna sjálfsmynd að hún hafi ekki getað farið frá honum því hún tók öllum hótunum alvarlega „ég meina eins og í mínu tilfelli hvernig átti ég að geta farið frá manni sem ég á tvö

börn með, þegar hann hótar að taka börnin af mér?“ Von um betra samband, hræðsla og hótanir eru þó ekki einu ástæður þess að konurnar héldu áfram í sambandinu.

Í mörgum tilfellum voru konurnar fjárhagslega háðar körlunum og höfðu ekki í önnur hús að venda. Harpa talar um að hún hafi farið frá eiginmanni sínum en farið heim aftur þremur mánuðum síðar þar sem hún hafi gefist upp, hún hafði aldrei búið ein og hann hafði peningana þeirra. Fleiri tala um að makinn hafi haft fjárráðin í sambandinu og það hafi heft þær þegar sú hugsun kom upp að slíta sambandinu. Tinna talar einnig um það vandamál að hafa engan samastað „enda hafði maður engan stað til að fara á og maður hélt alltaf, þú veist, ég get ekkert verið ein þú veist með krakkann, hvernig á ég að lifa, maður var svona fjárhagslega háður honum“ segir hún. Svana er öryrki og þarf á fjárhagslegri aðstoð að halda og hún fær hana frá núverandi eiginmanni og telur sig ekki geta yfirgefið hann á meðan staðan er eins og hún er. Konurnar eru þó ekki þær einu sem hafa engan samastað eins og Hildur nefnir „Ég var náttúrulega mörgum sinnum búin að gefast upp og reka hann að heiman ... svo vissi hann aldrei hvert hann átti að fara og svona“. Hún pantaði handa honum hótélherbergi og vísaði honum þangað „hann var náttúrulega alveg miður sín og þetta gerðist nokkrum sinnum“. Úr þessu er hægt að lesa að makinn hafi þó alltaf á endanum komið heim aftur. Hildur heldur áfram „svo í restina þá fannst honum þetta svo brilliant að hann var farinn að gera þetta, bara ef hann þurfti að detta í það“. Allar reyndu konurnar á einhverjum tímamarki að enda sambandið en fóru aftur til mannsins eða hann kom aftur inn í líf þeirra á einhvern hátt. Elísabet lenti einnig í því að tengdamóðir hennar ýtti ítrekað á hana að taka hann aftur, sagði að hann væri breyttur og orðinn allt annar maður. Svo reyndist þó ekki vera og á endanum sagði hún skilið við hann fyrir fullt og allt. Þrír karlanna hafa leitað sér hjálpar hjá Karlar til ábyrgðar og í einu tilfelli hefur það hjálpað þar sem þau eru ennþá gift og vinna að sínum málum. Á ofangreindum dæmum má þó merkja að flestar kvennanna aðlaga sig að ofbeldinu á einhverjum tímamarki. Þær lifa þó flestar við hótanir sem valda hræðslu sem og



lítil eða engin fjárráð. Ef hlutirnir halda áfram í þessu sama fari hlýtur eitthvað að breyta á endanum, sem það og gerði hjá öllum viðmælendum minna þó Svana sé undantekning þar sem hún er enn gift seinni eiginmanni sínum en báðir hafa þeir beitt hana ofbeldi.

## 5.2. „Loksins er ég að fara“

Flestar kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni tala um að þær hafi á einhverjum tímamarki fengið einhvers konar kraft og annað hvort komið ofbeldismanninum út eða farið sjálfar. Það geta verið ýmsar ástæður á bak við það af hverju sambandið brast á endanum eða hvernig krafturinn kom til og hvernig þær fara og þeim atriðum verður lýst betur hér á eftir. Allar konurnar áttuðu sig á endanum á því að ofbeldið myndi ekki hætta og að sambandið væri ekki að fara að lagast. Fjórar þeirra komu maka sínum út af heimilinu en hinar sex þurftu að flýja eða flytja út af heimilum sínum. Vert er að nefna að helmingur kvennanna fór aftur í ofbeldissamband sem tóku þó enda á einn eða annan hátt fyrir utan Svönu sem er enn gift seinni eiginmanni sínum. Elísabet lýsir því hvernig hún hefði í upphafi alltaf trúað því að sambandið myndi lagast:

En svo þarna síðasta árið þá var ég alveg hætt að trúa því og ég var farin að fyrirlíta hann og ég var bara löngu löngu hætt að elska hann ... þetta var bara einhver svona hnútur sem ég varð að leysa einhvern veginn, þú veist, ég vildi ekki hafa hann þarna ... allt í einu þá bara er í mér einhver brjálæðislegur styrkur og ég bara, drullaðu þér út! Og ég var bara ísköld.

Þarna kom hún honum út úr íbúðinni og tók ekki við honum aftur. Þessi einstaklingur aftur á móti eltist við hana. Hann mætti í vinnuna til hennar og einfaldlega lét hana ekki í friði svo að á endanum flúði Elísabet sveitafélagið sem þau bjuggu í og flutti til útlanda. Fleiri kvennanna

taka undir með Elísabetu og segja að innst inni hafi þær verið farnar að sjá það að sambandið myndi ekki breytast og lagast.

Hafdís, Jóna og Tinna tala allar um að það sem hafi ráðið úrslitum í þeirra sambandsslitum hafi verið hagsmunir barna þeirra. „Ég fór aðallega að hugsa út í dóttur mína, ætlaði ekki að láta hana horfa upp á þetta“ segir Tinna. Jóna tekur í sama streng „ég vildi ekki ala dóttur mína upp við þetta“. Þegar börn Hafðísar tóku sig til og sögðu henni að maki hennar væri farinn að leggja hendur á þau þegar hún væri ekki heima taldi hún nóg komið „ég sagði honum að hann yrði að fara, endanlega, þá var ég núna svo hrædd um þau gagnvart sko, gagnvart honum“. Þórunn hefur svipaða sögu að segja en þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn með ofbeldismanninum ákvað hún að það væri kominn tími til að slíta sambandinu þar sem nú hefði hún annarra hagsmuna að gæta en sinna eigin „ég bara hringdi í hann og sagði bara ég nenni þessu ekki lengur, ég er bara farin, þetta er bara búið, ég kem á mánudaginn og sæki allt draslið mitt“. Hafdís segir jafnframt að afarkostir bróður hennar hafi gefið henni þann kraft sem til þurfti:

Þegar bróðir minn sagði bara, hann gat ekki meir og brotnaði algjörlega niður og þú veist, þegar ég sat hérna við hliðina á bróður mínum sem er sko stór og mikill maður ... hann sat þarna og grét eins og lítið barn og sagði bara við mig sko, Hafdís, ég get þetta ekki þú veist, ef þú býrð með honum áfram þá á ég eftir að berja hann og ég á sjálfur barn og ég get það ekki, ég verð að passa barnið mitt. Þá horfði ég á hann og ég bara hugsaði bara, ég get ekki valið þennan mann sko fram yfir fjölskylduna mína og þá loksins fékk ég einhvern kraft sko til þess að koma honum út.

Guðrún talar um að ein af stóru ástæðunum fyrir því hversu vel henni gekk að komast í burtu hafi verið stuðningur fjölskyldunnar. Hún fékk rosalega góðan stuðning frá foreldrum sínum og bróður og segir „ég hugsa sko að ef ég hefði ekki haft hann [bróður sinn] þá getur verið að ég hefði farið aftur til baka“. Ein kvennanna, Svana, hefur þó þveröfuga sögu að segja en í hennar tilfelli báðu stálpaðar dætur hennar hana að hætta með ofbeldismanninum. Þær stilltu því þannig upp að hún yrði að velja þær eða hann, en á endanum valdi Svana makann fram yfir dætur sínar. Í dag tala þær ekki við móður sína vegna mannsins sem hún er með sem er þó ekki faðir stúlknanna „ég á ekki að þurfa að velja, við eigum að geta verið saman, en þær gengu í burtu ... ég elska Róbert og ég sé okkur verða gömul saman“ segir Svana.

Tvær kvennanna sögðu að krafturinn til að enda sambandið hafi komið upp þegar þær hafi verið komnar í það mikla hættu að þetta var farið að snúast um líf eða dauða. Líkt og Harpa segir:

Í rauninni sko fyrir mig var þetta spurning um líf eða dauða, ég gat ekki búið með honum lengur ... ég hefði svipt mig lífi eða bara lognast út af ... lífsneistinn var sloknaður og þarna hugsaði ég að ég þyrfti að halda mér á lífi fyrir dæturnar.

Svana skildi við fyrri eiginmann sinn og segir „Ég varð að skilja til þess að lifa, ef ég hefði haldið áfram, hann hefði drepið mig, það er bara þannig, ég hefði ekki, það hefði bara komið upp sú stund að ég hefði ekki lifað af“. Samkvæmt þessum niðurstöðum sést að í einhverjum tilfellum er ofbeldið orðið það alvarlegt að það hefði á endanum getað valdið dauða. Það hafa ekki allir sömu sögu að segja og þátttakendur mínir, því miður, en ofbeldi í nánú sambandi hefur leitt til dauða. Tinna talar um að fyrrverandi mágur hennar hafi verið drepinn af konunni sinni. Sá einstaklingur beitti konuna sína ofbeldi og að á endanum hafi konan gefist upp og

stungið hann til bana. Konan er því í raun ekki sú eina sem er í hættu þegar ofbeldissamband er orðið alvarlegt og ofbeldið orðið gróft.

### 5.3. Hvað olli mestri streitu við að fara?

Flestar voru konurnar sammála um það að það fylgdi því mikil streita að hætta í ofbeldissambandi. Aðspurðar hvað olli mestri streitu voru þær flestar sammála um það að makinn sem slíkur væri yfirleitt mesti streituvaldurinn. Þær héldu áfram að vera hræddar við hann þó hann væri ekki inni á heimilinu. Tinna talar um að hún hafi verið hræddust um að hann myndi elta hana og að hún upplifði að hann myndi ekki láta hana í friði. Hún talar um að hún hafi beðið eftir því að hún verða drepin einn góðan veðurdag „ef ég finnst dauð einhversstaðar þá vitiði hver gerði það“ segir hún. Harpa tekur undir en talar einnig um að henni hafi verið létt „ég var hrædd en mér leið samt vel, það var svona, þetta var rosalegur léttir, en samt ekki, ég vissi að ég ætti von á ofsóknum“. Hafdís tekur í sama streng og segir það hafa kostað mikla spennu og hræðslu fyrst eftir að hann fór út en þetta hafi samt verið viss léttir. Jónu og Svönu fannst þetta bara léttir, til að byrja með að minnsta kosti. Svana lýsir upplifun sinni sem svo:

Ég get sagt þér það að þegar hann labbaði út, ég reif allt af rúminu, þvoði það, tæmdi allt í svarta poka sem hann átti, setti hreint á rúmið, setti hendurnar svona út og bara JÁÁ! ... þetta var bara svo góð tilfinning, þetta var bara, var bara hreinsun, alveg yndisleg tilfinning.

Guðrún talar um að henni hafi fundist hún vera að gefast upp en hún hafi þó innst inni vitað að ofbeldið myndi ekki hætta. Það sem olli henni mikilli streitu var eins og aðrar nefna hræðsla við manninn en aftur á móti fannst henni erfiðast hvernig dóttir hennar brást við.

Maðurinn hennar, sem var ekki barnsfaðir stúlkunnar, hafði alltaf verið einstaklega góður við hana og stelpan átti því mjög erfitt með að skilja af hverju þær þyrftu að fara frá þessum góða manni. Stúlkan sem er greind ofvirk, átti mjög erfitt eftir skilnaðinn og þurfti mikið aðhald og rúttínu auk þess sem hún tjáði móður sinni að hún saknaði mannsins mikið. Guðrún talar um að þetta hafi verið svona í nokkra mánuði, eða þar til þær fluttu í annað sveitafélag. Það sem olli Hildi mestum áhyggjum og streitu í tengslum við skilnaðinn var að þurfa að vera ein með drengina sína. Þeir áttu báðir við hegðunarvandamál að stríða og voru mjög erfiðir og reiðir. Í kjölfarið þurfti hún að leita mikillar hjálpar með drengina.

Eins og áður segir höfðu margir mannanna algjört vald yfir fjármunum heimilisins og margar konur sögðu það hafa valdið sér mikilli streitu við sambandsslit. Harpa hafði miklar áhyggjur af því hvernig hún ætti að geta orðið sjálfstæð. Henni fannst hún ekki kunna það lengur og hræddist það. „Náttúrulega þetta að hafa ekki aðgang að, að herna, peningum eða eignum eða neinu“ segir hún auk þess sem hún sagði að það að stíga skrefið og leita sér fjárhagsaðstoðar hjá sveitafélagi hafi verið mjög stór biti að kyngja. Það sem ber þó mest á, eins og segir í upphafi, er hræðsla við fyrrverandi maka, en tvær kvennanna tala einnig um samviskubit gagnvart börnunum sínum. Að auki fann helmingur þátttakenda til skammar fyrir að hafa látið komið svona fram við sig. Konurnar sem tóku þátt töluðu flestar um að sambandsslitunum hafi fylgt ákveðið áfall sem hafi í flestum tilfellum haft einhvers konar afleiðingar, líkamlegar sem og andlegar. Þessar afleiðingar verða skoðaðar í næsta kafla.

#### **5.4. Að fara ekki**

Einn þátttakandi í rannsókninni, Svana, var enn gift seinni eiginmanni sínum, Róberti, þegar viðtalið átti sér stað. Allar hinar konurnar gáfust upp á einhverjum tímamarki, eins og áður segir og þrátt fyrir að þær hafi ekki gefist upp strax og búið við ofbeldi í einhvern tíma þá er Svana sú eina sem getur svarað því hvernig það er að slíta ekki sambandi við ofbeldismanninn

og hvað því fylgir. Svana var áður í löngu hjónabandi en sá eiginmaður kom mjög illa fram við hana. Hann beitti hana ofbeldi og eins og hún orðar það „gerði allt það sem enginn á að gera við aðra manneskju“. Núverandi eiginmaður hennar ólst sjálfur upp við ofbeldi og vildi ekki trúa henni að það hefði aldrei verið ofbeldi á hennar æskuheimili og átti bággt með að trúa því að hún hefði aldrei slegið dætur sínar. Hún talar um að hún þekki ekki venjulegt hjónaband þar sem hún kemur úr sýktu hjónabandi og sé ennþá í sýktu hjónabandi. Svana mætir einu sinni í viku í Kvænnaathvarfið í viðtöl og maðurinn hennar er í Karlar til ábyrgðar þar sem þau vinna í vanda sínum sitt í hvoru lagi.

Aðdragandi þess að þau fóru að vinna í sínum málum var sá að þegar enn einu sinni kom til handalögmála inni á heimilinu ákvað Svana að láta fjarlægja hann af heimilinu og kæra hann til lögreglu. Hún hafði varað hann við því að ef hann myndi leggja á hana hendur myndi hún gera þetta en honum brá mjög mikið að hún skyldi standa við orð sín. Í kjölfar kærunnar fékk Svana nálgunarbann á Róbert, en hún sá strax eftir því daginn eftir. Hún hélt því þó til streitu en lét svo aflétta nálgunarbanninu og dró kærana til baka tveimur mánuðum seinna. „Við getum ekki púslað púsluspilinu til fulls nema við séum saman, við getum ekki púslað púsluspilinu ef annar aðilinn er þarna og hinn hérna, við verðum að hittast“ sagði Svana. Eftir þetta hafa þau ekki búið saman en eru oft saman og hann kemur mikið og er hjá henni. Þau eru enn gift í dag og eru að vinna í sínum málum.

Síðan að Svana lét vísa honum út hefur líkamlegt ofbeldi ekki komið upp en hún segir að það sé smá andlegt til staðar „hann er kannski svolítið frekur ef ég má orða það þannig“ en hún segir líka að ef hann snertir hana þá muni hún annað hvort brotna algjörlega eða kæra hann aftur. Svana er ekki tilbúin að sleppa Róberti fyrr en hún er búin að reyna. Hjónabandið er mjög brotið eftir þennan aðskilnað og það sem hefur gengið á hjá þeim:

Það er svolítill niðurrifsstarfsemi hjá okkur ... þetta er stundum svona þeir hæfustu lifa af, sá sem talar hæst vinnur, okkur líður ekki vel ... hún [starfskona Kvennaathvarfsins] vill að við förum til hjónabandsráðgjafa ... það gengur ekki upp að hjónaband sé bara, fyrst hann er hættur að lemja þá ætla ég bara að vera svona og svona.

Svana talar ítrekað um það að hún sé ekki tilbúin að slíta sambandinu en að þeir fagaðilar sem hún hafi sótt aðstoð hjá hafi allir viljað meina að það væri eina lausnin:

Ég sakna hans og ég elska hann ... ég elska Róbert ... það ýtir enginn á mig í dag að gera eitt né neitt, hvorki Róbert eða Kvennaathvarfið eða löggæslan eða einn né neinn það ýtir enginn á mig ... það kemur tími á allt í lífinu, þegar þú veist 100% hvenær það er þá er það ekkert 98% eða 99% það er bara 100% ... mér finnst svo mikið „closure“ ef ég segi við Róbert, ég get ekki meir, það bara ég mun aldrei sjá hann aftur, en þetta er búið að vera ógeðslega sárt ... þetta var fallett samband hjá okkur þó það sé ekki fallett í dag ... lausnin er alltaf, farið í sundur, aldrei byggja þetta upp með aðstoð, til hvers eru þá fagaðilar ef við eigum ekki að leita til þeirra eða svona svo framarlega sem það er eitthvað haldreipi í þessu hjónabandi.

Af því að Svana vill ekki slíta sambandinu heldur vinna í því hafa dætur hennar tvær hætt að tala við hana og önnur þeirra tók son sinn sem hafði að miklum hluta alist upp hjá Svönu í burtu og hún hefur ekki séð hann síðan. Hún hefur því fært miklar fórnir til að reyna að halda lífi í hjónabandinu. Að sama skapi hefur hún fundið fyrir miklum fordómum frá samfélaginu og öðrum í kringum sig, jafnvel nánnum vinum:

Fólk er alltaf tilbúið að dæma og fólk er alltaf til búið að setja sig í dómastólinn og það eru bara fordómar gagn..., gegn konu sem er lami og hún ákveður að leita sér aðstoðar og eiginmaðurinn leitar sér aðstoðar, það eru fordómar og ég segi líka sjálf að það er ekki furða að fólk tali ekki um þetta ef það fær svona framan í sig ... fordómarnir eru gígantískir þarna úti.

Svana aftur á móti felur þetta ekki í dag eins og hún gerði með fyrri eiginmann en henni finnst mjög erfitt að finna fyrir eins miklum fordómum og hún gerir:

Hugsaðu þér ef ég færi í sjónvarpið núna og kynnti mig, ég myndi segja að ég væri í, væri Svana í hjónabandi númer tvö, maðurinn, ég væri gift honum ennþá og hann hefði lamið mig, geturðu ímyndað þér hvernig væri litið á mig í Kringlunni?

Hún segist kannski ekki vera að tala um þetta úti á götu en aðspurð er hún ekki að fela þetta lengur. Það virðist vera töluvert í land hjá þeim hjónum en Svana sér sig og Róbert alltaf saman, sér þau fyrir sér eldast saman. Aftur á móti talar hún um að stundum þurfi maður að sleppa ástinni og að það geti verið að það sé bara óskhyggja að vera að reyna að halda í þetta „þú ferð samt ekki frá manni sem þú elskar ... batnandi fólki er best að lifa“.



## 6. Afleiðingar

Það hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér að búa við ofbeldi, bæði andlegar og líkamlegar. Sumar afleiðinganna eru til skamms tíma og sár gróa en aðrar loða lengur við. Í þessum kafla skoðum við þær afleiðingar sem þátttakendur upplifa og hvernig þeim hefur gengið að hefja nýtt líf eftir að hafa slitið sambandi við ofbeldismann.

### 6.1. Heilsufarslegar afleiðingar

Heilsufarslegar afleiðingar hjá konum í ofbeldissamböndum eru vel þekktar en margar fyrri rannsóknir, erlendar og innlendar, hafa einbeitt sér að líkamlegum afleiðingum ofbeldis í nánnum samböndum. Allar þær konur sem tóku þátt í þessari rannsókn greina frá einhvers konar heilsufarslegum afleiðingum sem ofbeldið hefur haft á þær, líkamlegar og andlegar. Þær níu konur sem urðu fyrir líkamlegu ofbeldi höfðu allar á einhverjum tímapunkti sjáanlega áverka eftir ofbeldismanninn. Í flestum tilfellum reyndu ofbeldismennirnir þó að hlífa stöðum sem myndu gera áverkana sjáanlega líkt og andliti. Í nokkrum tilfellum skipti það þó ekki sköpum og konan fékk að finna fyrir því svo á sá. Tinna talar til dæmis um að þrátt fyrir að maki hennar hafi yfirleitt passað sig hafi hún einu sinni fengið glóðarauga sem hún hafi þurft að fela en til þess keypti hún gulgrænan augnskugga og málaði heila augað eins og marða augað. Hafdís og Jóna lýsa því hvernig handleggir þeirra hafi verið marðir frá öxl og niður að únlið en þá var ekkert annað til ráða en að fara í síðerma bol eða vera í peysu. Sumar kvennanna urðu fyrir mjög alvarlegum líkamlegum áverkum eins og mjaðmagrindarbroti, skurðum sem þurfti að sauma og fleira því um líkt. Þessir líkamlegu áverkar sem hér eru taldir upp hafa þó allir gróið sára sinna en aftur á móti glíma margar konurnar enn í dag við aðrar líkamlegar afleiðingar sem hægt er að tengja beint við það að hafa búið við ofbeldi.

Elísabet greinir frá því að síðastliðið haust, þremur árum eftir að hún yfirgaf ofbeldismanninn, hafi líkami hennar gjörsamlega hrunið. Hún var lögð inn á hjartadeild því

læknar héldu fyrst að hún væri að fá hjartaáfall. Veikindin byrjuðu á því að hún fékk rosaleg höfuðverkjaköst sem fylgdu svo miklir verkir að hún kastaði oft upp, þessir verkir voru til staðar í þrjár vikur. Höfuðverkurinn hvarf síðan á endanum en við tóku miklir bakverkir og eins og Elísabet lýsir því þá var hún allt í einu orðin hölt. Þessir bakverkir ágerðust og um það bil hálfu ári eftir að höfuðverkjaköstin gerðu vart við sig var ástandið orðið þannig að hún gat ekki sest niður, staðið upp og varla gengið. Líkaminn var ekki hættur og hún fékk mikil þyngsli fyrir brjóstið sem endaði með innlögningu á hjartadeild sem var sagt frá hér að ofan. Eftir sólarhrings skoðanir og ýmsar prufur sagði læknirinn við hana „stresslevelið í líkamanum fór bara yfir það sem að það ræður við“. Elísabet segir að talið sé að þessi veikindi hennar séu bein afleiðing af því að hafa búið með þessum manni um tíma. Hann olli henni miklu stressi og hræðslu þrátt fyrir að hún væri búin að yfirgefa sveitafélagið sem þau bjuggu í. Hún var hætt að sofa, fékk mikil kvíðaköst og martraðir og á endanum gafst líkaminn upp. Í dag hefur Elísabet fengið greiningu á sínum veikindum. Hún er með vefjagigt og vinnur ekki en hún er í endurhæfingu og stefnir ótrauð að því að komast aftur til vinnu. Áhugavert er að tvær aðrar konur, Svana og Hafdís eru einnig greindar með vefjagigt og í öllum tilfellum er talið að sjúkdómurinn hafi komið í kjölfar þess að búa við ofbeldi. Þessar þrjár konur eru allar öryrkjar og geta ekki unnið sökum gigtarinnar.

Vefjagigt er þó ekki eina líkamlega afleiðingin sem viðmælendur mínir hafa verið að glíma við. Hafdís er með það sem er kallað rósroði og segir líkama sinn miklu slitnari en gengur og gerist fyrir konur á hennar aldri, sem orsakast beint af ofbeldinu. Tinna og Þórunn tala báðar um hversu slæmar þær hafa verið í maganum. Báðar tala þær um að hafa verið með mikla magaverki, kvíðahnút og oft með niðurgang, líkt og Þórunn segir „mér fannst ég alltaf vera með niðurgang ... gat ekki borðað neitt“. Lísa talar einnig um það að hafa ekki getað borðað en á tímabili í sambandinu var hún komin verulega undirþyngd. Guðrún talar um að það braki enn í kjálkanum á henni eftir að maki hennar sló hana í andlitið, en töluvert

áhrifameiri afleiðing ofbeldisins í hennar tilfelli er að hún fór og lét taka sig úr sambandi „til þess að ef að ske kynni að ég myndi asnast til að fara til hans aftur þá gæti hann ekki barnað mig“. Að hennar sögn leiddi þetta til þess að hún fór á snemmbúið breytingarskeið og fitnaði mikið vegna hormónaójafnvægis. Þrátt fyrir miklar líkamlegar afleiðingar sem ofbeldið hefur haft á þátttakendurnar er annar og jafnvel alvarlegri fylgifiskur þess að hafa búið við ofbeldi, andlegur heilsubrestur.

Fjórar kvennanna tala um að hafa átt við svefnörðugleika að stríða og enn fleiri nefna stress og kvíða. Þórunn lýsir því hvernig hún endaði á að fá ofsakvíðaköst:

Ég man fyrst eftir því sko að þá var ég í skólanum ... ég þurfti alltaf á svona korters fresti að standa upp og labba hring í kringum skólann vegna þess að ég bara, þú veist gat ekki andað sko ég var bara eins og ég væri að kafna og bara hjartað alveg á milljón.

Þórunn lýsir því hvernig hún hélt að hún væri hjartveik, hefði farið upp á spítala og farið þar í hjartarannsókn og lengi vel haldið að hún væri að fara að deyja. Þegar hún fékk staðfest að ekkert væri að hjartanu gerði hún sér grein fyrir að það hlyti að vera eitthvað að andlega og fór inn á geðdeild. Þar tók á móti henni læknir sem lét hana strax hafa róandi lyf sem bættu líðan hennar. Þarna komst hún að því að þetta voru kvíðaköst en gerði lítið sem ekkert í því, því hún hélt að þetta myndi bara lagast. „Svo byrjaði ég sko að hrynja niður illilega alltaf þegar ég heyrði í bílnum hans koma heim ... ég fór út í glugga og það var bara þú veist eins og ég gæti ekki andað“ segir Þórunn. Hún hefur unnið í þessum kvíðaköstum, með lyfjum og öðrum leiðum en fær þó enn í dag kvíðaköst sjö árum eftir að hafa yfirgefið ofbeldismanninn. Hún vill meina að þessi kvíðaköst séu bein afleiðing af því að hafa bælt niður tilfinningar í mörg ár. Aðrir þátttakendur hafa átt við andleg vandamál að stríða, bæði á meðan á

sambandinu stóð og eins í kjölfar þess. Stuttu eftir að Harpa yfirgaf eiginmann sinn fékk hún taugaáfall eftir alvarlega sjálfsvígstilraun. Hún var lögð inn á geðdeild í tvo og hálfan mánuð í kjölfar þess og þurfti svo að fara í endurhæfingu á Reykjalundi. „Ég var bara eins og lauf í vindi hérna bara sko síðasta árið“ segir Harpa um aðdraganda veikinda sinna og heldur svo áfram:

Svona fyrsta mánuðinn alveg þá trúði ég ekki því sem að ég var að segja, ég vissi að ég var að segja rétt frá atburðum en hélt ég hefði upplifað þá vitlaust ... ég var farin að efast um eigin dómgreind.

Guðrún tekur undir með Hörpu og talar um hvernig hún hafi í einhver ár eftir sambandsslit ekki treyst eigin dómgreind „það var eiginlega rosalega óþægilegt ... maður hafði alltaf heyrt sagt, já bara fara eftir göttinu en maður þorði einhvernveginn ekki alveg að treysta því“. Þessar niðurstöður benda til þess að miklar heilsufarslegar afleiðingar geta hlotist af því að búa við ofbeldi. Þær lýsingar sem hér hafa fram komið gefa okkur einnig vísbendingar um það að konurnar þurfa inngríp mun fyrr ef koma á í veg fyrir svo alvarlegar afleiðingar. Að lokum má nefna að tveir þátttakendanna lýsa því hvernig líkamlegu sárin gróa fyrr en þau andlegu líkt og Elísabet segir:

Mér fannst miklu auðveldara að jafna mig eftir það að vera lamin heldur en að hafa verið gert lítið úr mér og ég hrædd á mínu heimili skiluru? ... Já líkamlegu sárin eru eitthvað sem gróa, það sýnilega marblettir og svona fara bara og allt það en, en hitt, hitt situr lengur eftir.

## 6.2. „Þetta er bara eins og að byrja upp á nýtt“

Líkt og Hafdís segir hér að ofan, þetta er eins og að byrja upp á nýtt en er það endilega betra? Afleiðingar ofbeldsins geta verið margvíslegar og allar eru þær neikvæðar. Þátttakendur upplifa lífið eftir skilnað á mjög misjafnan hátt og eiga miserfitt með að fóta sig að nýju. Einhverjum kvennanna finnst lífið strax betra og auðveldara á meðan aðrar upplifa slæm áhrif ofbeldissambandsins í mörg ár eftir skilnað. Þessi áhrif geta varað mislengi en konurnar eiga það þó allar sameiginlegt að þeim finnst þær vera á betri stað í lífinu í dag en þegar þær voru í sambandinu. Það getur verið áhugavert að skoða hvernig konurnar upplifa þetta. Þegar farið er yfir niðurstöðurnar og lífið eftir skilnaðinn skoðað sést berlega að því lengra sem liðið er frá sambandsslitum því líklegra er að konurnar hafi komið undir sig fótunum. Sá helmingur kvennanna sem er ekki á vinnumarkaði eru allar öryrkjar eða í endurhæfingu. Hjá þeim voru allt frá 4 dögum og upp í 6 ár síðan skilnaðurinn átti sér stað þegar viðtölin voru tekin. Þær konur sem aftur á móti eru á vinnumarkaði stóðu í sínum skilnaði fyrir 7 árum síðan eða meira. Þrjár þeirra eru í dag hamingjusamlega giftar og finnst lífið ganga vel. Þær konur sem ekki eru á vinnumarkaði eru aftur á móti allar einhleypar í dag, að Svönu undanskilinni sem enn er gift seinni ofbeldismanninum í lífi sínu. Út frá þessu má áætla að það taki konur langan tíma að jafna sig eftir að hafa komið úr ofbeldissambandi, bæði þegar kemur að vinnumarkaði og nýjum samböndum. Aftur á móti byrjuðu tvær af þeim þremur sem eru hamingjusamlega giftar í dag mjög fljótt með núverandi eiginmanni eftir sambandsslit við ofbeldismanninn. Það mætti því jafnvel leiða líkur að því að það að komast í gott samband eftir ofbeldissamband geti hjálpað til við bataferlið. Þórunn talar þó um að hún hafi þurft að læra að vera í heilbrigðu sambandi og heldur svo áfram:

Ég einhvernvegin bara vá, í hverju er ég búin að vera? Hann bara ég skal baða strákinn og ég skal gera þetta, förum þangað og förum og hittum mömmu mína

og pabba og mamma hans og pabbi tóku mér bara alveg opnum örmum, þau vissu allt um mig skilurðu og hérna, þú veist, engir fordómar ... bara alveg allt æðislegt ... ég fékk alveg nokkur óöryggisköst ... fannst þetta eitthvað svo yfirþyrmandi ... en mér líður miklu betur sko.

Þrátt fyrir að líða mun betur og vera ekki hrædd við fyrrverandi sambýlismann þá talar Þórunn um að hún sé þó ennþá skíthrædd við fjölskylduna hans. Elísabet talar einmitt um að fjölskylda hennar fyrrverandi maka, sem upphaflega hafi verið hennar nánustu vinir, hafi lagt mjög hart að sér til að láta alla vita að hún hefði skilið allt eftir í rúst. Konurnar eru sammála um að það tekur á andlega að lifa við stöðuga hræðslu og að það sé erfitt að halda því áfram eftir að hafa yfirgefið ofbeldismanninn. Svana talar um að henni finnist miklir fordómar í samfélaginu og að hún hræðist að fólk noti það gegn henni að hún hafi búið með ofbeldismanni. Hún leggur ríka áherslu á að fólk tali við sig „aldrei tala um mig, bara við mig ... en mér finnst stundum eins og ég sé ein í heiminum því það talar enginn um þetta“. Elísabet tekur undir með henni og segir:

Maður finnur það þegar maður fer að ræða þetta að það sjokkerar rosalega fólk ... fólk fannst ekkert auðvelt að hlusta á það sem hafði gerst þannig að ég hætti bara að tala um það.

Það má greina af þessu að þátttakendum finnst vanta opnari umræðu í samfélaginu um þetta málefni. Að lokum má nefna það sem Tinna segir: „Ég bara var þar sem að var ofbeldi sem er náttúrulega eitthvað sem að ég get ekki að gert“ en þessi ummæli bera merki um bata þar sem hún gerir sér í dag grein fyrir að ofbeldið er ekki henni að kenna.

Konurnar eru mislangt komnar í bataferlinu sem þarf að eiga sér stað þegar úr ofbeldissambandi er komið. Bataferlið sjálft er mjög mismunandi eftir þátttakendum og konurnar hafa fengið mis mikla aðstoð. Hjá flestum þeirra byrjar ferlið þó á neikvæðum nótum en fer svo upp á við. Að hafa búið við niðurbrot í einhvern tíma getur haft langvarandi áhrif en tvær af viðmælendum mínum tala um í viðtölunum hversu auðvelt er að halda niðurbrotinu áfram sjálfur eftir að sambandinu lýkur. Jóna talar um að þetta sé svo rosaleg höfnun og mikil niðurlæging að á endanum hafi hún farið að fyrirvíta sjálfa sig fyrir að hafa reynt að vera með eiginmanni sínum. Elísabet tekur í sama streng og talar um að hún hafi lengi vel ekki borið virðingu fyrir sjálfri sér og fundist hún einskis virði. Hún segir að fyrir sambandið hafi hún verið mjög opin og átt auðvelt með að eignast vini en hafi með tímanum orðið mjög lokuð. Auk þess sé hún tilfinningalaus og flöt þessa dagana og horfi sjaldan í augun á fólki lengur. Hafdís talar um að hún sé rosalega brennd, hún á erfitt með að treysta fólki nema sínum nánustu og getur ekki tekið hrósi „ég verð alltaf, já en hvað vantar þig?“ segir hún og heldur svo áfram „maður er svo fljótur að skemmast, svo fljótur að falla inn í svona munstur og maður er svo lengi að komast út úr þessu“.

Þórunn og Elísabet tala um að þær hafi á einhverjum tímapunkti fundið að þær vildu ekki vera eins og þær voru. Það þyrfti að laga ákveðna hluti til að hætta að bera þessa bagga. Harpa segir að lausnin felist í að velta sér ekki upp úr fortíðinni eða vera eitthvað að horfa á hana heldur skipti mestu máli að styrkja sig. Fyrsta skrefið í þessu ferli hjá flestum er að sækja sér aðstoð og tala um ofbeldið við utanaðkomandi aðila. Jóna var ekki búin að vera í Kvennaathvarfinu nema í tvo daga þegar það rann í raun upp fyrir henni að hún væri búin að lifa við ofbeldi alla sína ævi. Hún hafði ekki gert sér grein fyrir því að ákveðnir hlutir sem gengið hefðu á í hennar lífi hefðu verið ofbeldi. Hún talar um að yfirleitt sé í lagi með hana en það komi stutt tímabil oft á dag þar sem hún verður sérstaklega viðkvæm og gráti næst. Þegar Svana rifjar upp byrjunina á bataferlinu segir hún „það var liggur við bara eins og það hefði

verið skrúfað frá“. Þrjár af viðmælendum mínum tala um að það að byrja að tala um sambandið við utanaðkomandi aðila hafi getað tekið mikið á en áhugavert er að sjá að þær lýsa því allar líkt og opnu sári eða að stinga á kýli. „Þetta er bara eins og að fá sár skilurðu eða þú veist að vera skorin, þú ert komin algjörlega inn í bein og þú vilt ekkert að fólk sé að skoða beinið í þér“ segir Hafdís. Elísabet talar um að sér hafi liðið eins og hún hefði skorið á kýli, það hafi bara endalaust ollið út. Svana sem er komin lengra í bataferlinu talar um að sér hafi liðið eins og hún væri eitt stórt flakandi sár til að byrja með „en ég finn alveg að þetta var svona eitt stórt gap og það er aðeins að lokast og það kemur yfir það“. Harpa gefur flotta lýsingu á bataferlinu en hún líkir því við tröppugang „þegar ég er komin upp þá fer ég ekki til baka, það kannski tekur smá tíma að átta sig á hverri tröppu en ég finn bara hvernig ég styrkist“. Jóna og Svana skrifa mikið og það hefur reynst þeim báðum vel til að losa um tilfinningar. Flestum finnst þær vera á réttri leið í lífinu og það er gott að heyra að flestar konurnar líta jákvæðum augum á framtíð sína líkt og Jóna segir „það hlýtur að vera óskrifað lögmál lífsins að þegar að það er búið að fara svona langt niður á við þá fer það örugglega upp á við“.



## 7. Úrræði

Algengustu úrræðin sem þátttakendur rannsóknarinnar notuðu voru lögreglan og Kvennaathvarfið. Í þessum kafla verður notkun kvennanna á þessum úrræðum rædd sem og önnur úrræði sem í boði eru og reynsla þeirra og upplifun af þeim.

### 7.1. Lögreglan

Átta af viðmælendum mínum höfðu einhverja reynslu af samskiptum við lögreglu, sumar á meðan á sambandinu stóð og aðrar eftir að því lauk. Aðeins tvær þeirra segjast hafa góða reynslu af lögreglunni á meðan hinar sex segja samskipti sín við hana ekki hafa verið nægilega góð. Þrjár kvennanna segja að þær hafi ekki hugsað út í það að hringja á lögregluna þegar þær urðu fyrir ofbeldi heima fyrir. Hafdís talar um að hún hafi hreinlega ekki gert sér grein fyrir að hún mætti það „þær í Kvennaathvarfinu sögðu mér að mér væri alveg frjálst að hringja á lögregluna og lögreglan átti að koma og ganga á milli, ég hafði ekki hugmynd um það“. Fjórar af konunum segjast hafa á einhverjum tímamarki hringt á lögregluna þegar á ofbeldinu stóð. Í þremur af fjórum tilfellum kom lögreglan og sótti manninn og annað hvort lét hann sofa niðri á stöð eða fengu hann til að fara í göngutúr á meðan konan kom sér í burtu. Í tilfelli Elísabetar ákvað lögreglan aftur á móti að fjarlægja hana af heimilinu:

Svo var ákveðið að taka mig af heimilinu semsagt, sem ég er ótrúlega pirruð yfir ... og hann spyr mig bara hvert viltu fara? Og ég man að ég sagði bara, til læknis, já en hann alveg bara en þú veist að við þurfum að vekja hann.

Í þessu tilfelli hafði sambylismaður Elísabetar ráðist á hana og hóttað henni lífláti. Hún var mikið slösuð og þurfti að komast undir læknishendur. Henni fannst lögreglan ekki vilja hjálpa

sér en þegar hún þrýsti á hana endaði lögreglan á að fara með hana til læknis og síðar til vinkonu hennar þar sem hún gisti.

Aðspurðar sögðust þrjár kvennanna ekki hafa þorað að kæra maka sína og Guðrún sagði að það hefði ekki hvarflað að sér en eftir á að hyggja segir hún „auðvitað hefði ég átt að gera það, það sást á manni og allt“. Tinna segist tvisvar hafa farið til lögreglunnar og sagt þeim hvað hafi gerst en í bæði skiptin hafði hennar fyrrverandi brotist inn til hennar og ráðist að henni. Í báðum tilfellum segist hún ekki hafa fengið blíðar móttökur:

Maður var alveg marinn á hálsinum, þá sagði lögreglan við mig, bíddu er þetta ekki bara það sem þið stelpurnar viljið? Þið viljið hafa þetta svolítið röff, það var bara ekkert hlustað á mig ... ég reyndi það þarna á sínum tíma, ætlaði að leggja fram kæru en eins og lögreglan sagði, þetta er bara það sem þið viljið, þú græðir ekkert á þessu ... hann myndi bara koma miklu harðari til baka.

Jóna tekur undir með Tinnu og segist hafa talað við lögregluna en að lögreglan hafi ávallt trúað karlinum. Einn þátttakandi, Svana, hafði lagt fram kæru og fékk í kjölfarið nálgunarban á eiginmann sinn. Hún sagði að það ferli hefði tekið mikið á andlega að ganga í gegnum það ferli. Henni fannst vera of mikið ýtt á sig og fannst óþægilegt að sitja ein inni í yfirheyrsluherbergi með tveimur rannsóknarlögreglumönnum.

Í dag myndi ég ekki fara aftur í gegnum þetta ... ég hefði viljað fá einhvern einstakling með mér inn ... eitthvað sem er ekki bara karlmenn, það eru bara karlmenn ... aldrei ýta svona á konur eins og þeir gerðu, það bara fór allt í baklás hjá mér ... ég vil ekki að neinn upplifi þetta, ég er sterk kona en ég bara skil ekki hvernig ég komst í gegnum þetta ... það vantaði allt þetta mjúka.

Líkt og segir í kaflanum um lögregluna hefur lögreglan í dag sem betur fer fleiri úrræði í þessum málum, en þeir hafa síðan 2012 haft rétt á því að fjarlægja manninn út af heimilinu í allt að heilan mánuð ef konan óskar eftir því. Engin kvennanna í þessari rannsókn hafði þó reynslu af því en Hafdís telur þessi nýju lög vera af hinu góða:

Sem betur fer þarf ekki lengur að fjarlægja sko börnin og konurnar út af heimilinu, sem í sjálfu sér er náttúrulega, þú veist, frábært því hugsaðu þér ef þú færir í búð og stælir og verslunareigandinn væri fjarlægður og þú fengir bara að valsa um áfram, þetta er rosalega öfugsnúið.

Hildur og Hafdís hafa báðar góða reynslu af lögreglunni. Hildur talar um að þeir lögreglumenn sem hún hafi fengið heim til sín hafi reynst mjög mismunandi, sumum þeirra fannst hún skritin að vera að hringja á lögregluna en flestir voru þeir mjög skilningsríkir og tóku vel á málunum að henni fannst. Hafdís hikaði ekki við að hringja á lögregluna eftir að hún fékk að vita að hún ætti rétt á því og lögreglan reyndist henni mjög vel:

Ef að ég hringdi voru þeir komnir bara, lengst held ég að ég hafi þurft að bíða í 10 mínútur sko, yfirleitt voru þetta þrjár, fjórar mínútur ... þeir voru búnir að setja mig á einhvern lista ... ég hringdi og þeir voru bara komnir og stundum hringdu þeir og létu mig vita að þeir væru að keyra framhjá einu sinni á klukkutíma og þú veist þetta veitti mér ofboðslegt öryggi ... ég fékk aldrei annað en svona rosalega hlýtt viðmót það var alveg sama hvort þetta voru lögregluþjónar sem voru sko tvítugir eða sextugir það var alltaf hlýtt viðmót og kurteisi ... það var alltaf bara hvað getum við gert til að aðstoða.

Það sést á ofangreindum dæmum að reynsla kvenna af lögreglunni er mjög misjöfn enda eins og Hildur segir „þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir“. Aftur á móti var viðhorf kvennanna ekkert sérstaklega jákvætt í garð lögreglunnar. Mörgum þeirra fannst lögregluþjónana sjálfa skorta skilning á aðstæðum og eins var talað um að þá skorti mýkt. Samkvæmt þessum niðurstöðum þyrfti lögreglan að endurskoða verklag sitt í heimilisofbeldismálum og grípa til aðgerða líkt og lögreglan á Suðurnesjum hefur verið að gera undanfarna mánuði. Í ljósi þess að lögreglan hefur verið að taka sig á í málefnum tengdum heimilisofbeldi þá má benda á að viðhorf kvennanna, jákvætt eða neikvætt, var óháð því hversu langt var um liðið frá samskiptum þeirra við lögreglu. Aftur á móti bjuggu þeir tveir viðmælendur sem höfðu jákvætt viðhorf til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu þegar útköllin áttu sér stað. Hinar sem höfðu reynslu af lögreglunni og þær sem höfðu til hennar neikvætt viðhorf, bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins. Þar af bjuggu tvær þeirra á Suðurnesjum, en þeirra útköll og samskipti áttu sér stað áður en verkefni lögregluembættisins á Suðurnesjum hófst.

## **7.2. Kvennaathvarfið**

Sex af tíu konum sem tóku þátt í þessari rannsóknar hafa reynslu af Kvennaathvarfinu og því starfi sem þar fer fram. Tvær þeirra hafa verið þar í dvöl en hinar fjórar hafa verið þar í viðtölum, hópastarfi og/eða leitað ráða í gegnum síma. Almennt tala þátttakendur mjög vel um Kvennaathvarfið og segja að það hafi reynst þeim vel. Þar sé öryggi og andlegur stuðningur. Það reyndist konunum þó ekki alltaf auðvelt að sækja sér þá aðstoð sem þar er í boði en Elísabet talar til dæmis um að hún hafi pantað sér viðtal þrisvar sinnum en ávallt guggnað á því að mæta þegar að því kom. Það sem reyndist henni erfitt var að Kvennaathvarfið er, eins og hún orðaði það, óþekkt stærð og hún segist ekki vita hvað sé að

gerast þarna eða hvað hún ætti hreinlega að gera þarna. Svana ímyndaði sér að athvarfið væri líkt stofnun eins og spítala og það kom henni á óvart hversu notalegt og heimilislegt það reyndist vera. Harpa talar um að það hafi reynst henni erfitt að taka skrefið að sækja sér hjálpina en sér hafi verið einstaklega vel tekið og að starfskonur sem og aðrar konur í dvöl hafi reynst henni frábær stuðningur.

Áður en Harpa steig skerfið til fulls og fór í Kvennaathvarfið í dvöl segir hún að hótunin um að fara þangað hafi virkað í svona tvo til þrjá daga þegar hún var að gefast upp á sambýlismanni sínum til margra ára. Á endanum gafst hún þó upp, yfirgaf hann og sótti sér aðstoð. Hún segist hafa verið þar af og til en þegar ég hitti hana var hún þar í millibilsástandi þar sem hún á engan að nema sinn fyrrverandi og ungar dætur sínar. Hún brá því á það ráð að dvelja í Kvennaathvarfinu á meðan hún væri að koma undir sig fótunum en hún segir það vera frábært að eiga þess kost. Aftur á móti hafði hún eitt út á athvarfið að setja:

Eins og Kvennaathvarfið er yndislegt þá er þetta neyðarathvarf og það er ekki ætlast til eða í rauninni í reglunum að konur séu hérna lengur en í fjórar vikur, en það tekur miklu miklu lengri tíma að koma sér úr ofbeldissambandi.

Jóna talaði einnig um þennan ókost og fannst vera óþarflega mikið ýtt á sig að byrja strax að gera eitthvað í hlutunum á meðan henni sjálfri fannst hún þurfa að fá að lenda fyrst „þetta er eins og að byrja að labba upp á nýtt ... ég þyrfti að fá lengri tíma í Kvennaathvarfinu eða öðru sambærilegu“. Hildur hefur leitað ráða hjá athvarfinu en henni fannst hún aldrei þurfa á því að halda að fara þangað þar sem hún leigði bara hótélherbergi annað hvort handa sér og strákunum sínum eða fyrir eiginmann sinn ef hún þyrfti að kúpla sig út úr aðstæðunum:

Ég hefði líka frekar farið þá til mömmu eða eitthvað ... ég hugsa að ég hefði ekki farið þangað nema í allra allra verstu neyð, já og náttúrulega maður vildi náttúrulega síst af öllu fara þangað en það er náttúrulega frábært að þetta skuli vera til þetta athvarf og að fólk geti leitað þangað.

Líkt og Hildur nefnir þá skiptir máli að þetta athvarf sé til. Eins og Jóna og Harpa tala um í sínum viðtölum þá höfðu þær lítið bakland og engra annarra kosta vól en að fara í Kvennaathvarfið í dvöl. Því skiptir miklu máli að athvarf sem þetta sé til staðar í samfélaginu þar sem margir eiga ekki ættingja, vini eða annað bakland að sækja í. Kvennaathvarfið hefur almennt reynst þátttakendum vel og þeim finnst þar unnið gríðarlega gott og öflugt starf. Hafdís sagði að starfskonur athvarfsins hafi haldið henni á floti fyrsta árið eftir að hún skildi við fyrrverandi eiginmann sinn og segir að það megi ekki gleymast í umræðu um ofbeldi hversu gott starf sé þar unnið. „Þær eru yndislegar konurnar sem vinna þarna, þær taka alltaf við þér ... þú getur alltaf fengið viðtal ef þú þarft ... þær eru alltaf til staðar“ segir hún.

### **7.3. Önnur úrræði**

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni hafa margar hverjar reynslu af hinum ýmsu úrræðum sem í boði eru en bera þeim misgóða sögu. Flestar voru þær sammála um að aðstoðin kæmi aldrei til þín, þú þyrftir alltaf að sækjast eftir henni sjálfur. Aftur á móti er ekki hlaupið að því fyrir konur í þessari stöðu að sækja sér aðstoð ef þær þekkja ekki úrræðin og þá þjónustu sem er í boði. Allar konurnar höfðu heyrt minnst á Kvennaathvarfið en mörgum hverjum fannst að þeir aðilar sem hefðu átt að benda á slíkt úrræði hafi ekki gert það. Tinna talar til dæmis um að hún hafi talað við prest þegar hún var að ganga í gegnum skilnað „af hverju bendir hann mér ekki á nein úrræði?“. Eins segir Hildur aðspurð um hversu aðgengileg henni hafi fundist félagsleg úrræði að henni hafi fundist þau mjög erfið „það var svolítið verið að kasta okkur á

milli, þegar félagsþjónustan sagðist ekki geta gert meira þá vísuðu þeir á Barnavernd og Barnaverndarnefnd sagðist ekkert geta gert og okkur var bara kastað á milli“. Athyglisvert er að fjórar af tíu konum segja félagsþjónustuna vera óaðgengilegasta úrræðið. Jóna og Elísabet þurftu báðar að flýja sitt sveitarfélag vegna ofbeldisins en í kjölfarið áttu þær engann rétt á aðstoð hjá því sveitafélagi sem þær fóru til. Elísabet flúði til annars sveitafélags sem við köllum D þegar hún fór í fyrsta skipti frá sambylismanni sínum:

Ég átti ekki rétt á neinni aðstoð af því að ég bjó ekki í sveitafélaginu ... mamma hringdi upp á heilsugæslu og bara geta þær fengið einhverja aðstoð þær verða að tala við einhvern og nei, þær verða bara að gera það í sínu sveitafélagi var bara svarið ... Það sjökkarið mig rosalega að fá enga aðstoð þar sem við fórum á D, mér fannst það rosalegt eftir á, ég er eiginlega viss um það að ef ég hefði fengið rétta aðstoð þarna að ég hefði ekki farið til baka, ég er eiginlega viss um það.

Líkt og Elísabet segir þá sneri hún aftur til ofbeldismannsins þar sem enga aðstoð var að fá í því sveitafélagi sem hún flúði til. Félagþjónusta sveitafélaganna er oft sú aðstoð sem konurnar þurfa mest á að halda, sérstaklega fjárhagslega en margar þeirra nefndu peningaskort sem stórt vandamál. Það skiptir miklu máli fyrir konurnar að samfélagið og félagsþjónustan haldi ekki áfram þeim fjárhagslegu höftum sem oft eru hluti af samböndum kvennanna. Þátttakendur töluðu þó ekki einungis um peninga sem vandamál þegar kæmi að því að slíta sambandinu heldur einnig í tengslum við þann kostnað sem því fylgir að sækja sér faglega aðstoð.

Elísabet og Þórunn tala báðar um að heilbrigðisþjónusta sé allt of dýr hér á landi. Þær ræddu einnig um að það að hjálpa einstaklingum strax hljóti að vera ódýrara fyrir ríkið til

lengri tíma litið. Þátttakendur telja að sálfræðikostnaður sé of hár en fjórir viðmælendanna hafa sótt sálfræðipjónustu með góðum árangri. Einn þátttakandi sagðist aftur á móti vilja sækja sér þessa þjónustu en hann hefði ekki efni á henni. Jónu fannst heilbrigðiskerfið algjörlega hafa brugðist sér, á allan hátt, en á sama tíma hafði Harpa góða reynslu af því:

Fagleg hjálp hefur verið mjög góð, ég hef ofboðslega góða reynslu af heilbrigðiskerfinu og mér fannst allir boðnir og búnir að aðstoða mig, mér fannst vera skilningur á því sem ég sagði og skilningur á aðstæðunum.

Tveir þátttakendur, Þórunn og Guðrún höfðu sótt námskeið í lífsleikni hjá Dale Carnegie og sögðust báðar hafa fundið mikinn bata eftir það. Harpa sótti meðvirkninámskeið hjá Lausninni, fjölskyldumiðstöð og sótti CoDA (Codependents Anonymous) fundi. Hafdís og Hildur tala einnig um að þær hafi verið í sporavinnu hjá meðvirknisamtökum líkt og Al-Anon. Allar sögðust þær hafa góða reynslu af slíkri sjálfsskoðunarvinnu „það var mjög gott ... í rauninni bara frábær sálfræðitími“ segir Hildur. Elísabet er eini þátttakandinn í þessari rannsókn sem hefur reynslu af nýju úrræði sem kallast Virk:

Þetta Virk er svona batterí sem öll verkalýðsfélögin eiga, þau hjálpa fólki sem dettur af vinnumarkaði, það er með alls konar svona námskeið og hluti sem maður fer í gegnum til þess að passa að maður einangrist ekki og eigi erfðara með að fara að vinna aftur ... þeir passa ofboðslega mikið upp á mann og til dæmis eins og það að sálfræðiaðstoð og sjúkraþjálfun er greidd af þeim út af því að annars yrði ég bara á hraðri leið með að vera bara algjörlega óvinnufær .



Aðtoðin sem konurnar hafa sótt sér þarf þó ekki endilega að koma frá fagaðilum eða þjónustu sem kostar mikla peninga. Guðrún náði sér til dæmis í bók sem heitir „Why does he do that? Inside the minds of angry and controlling men“ og sagði að hún hefði hjálpað sér mjög mikið. Einhverjir þátttakendur sögðust hafa notað internetið sem vettvang fyrir nafnlaust spjall við konur í svipaðri stöðu. Ein kvennanna hafði meira að segja fengið hund til sín sem hún passaði á daginn. Hundurinn veitir henni félagsskap, nánd og jafnvel vernd, en henni finnst oft erfitt að vera ein. Eins og sést á ofangreindri umfjöllun eru þau úrræði sem þátttakendur þessarar rannsóknar hafa nýtt sér mjög fjölbreytt og það er greinilega misjafnt hvað hjálpar hverjum þátttakanda fyrir sig. Aftur á móti höfðu flestir þátttakendur sitthvað um það að segja hvað mætti betur fara í umfjöllun og úrræðum í tengslum við þetta málefni.

## 8. Umfjöllun fjölmiðla og hugmyndir að úrbótum

Í þessum kafla er umfjöllun fjölmiðla eins og þátttakendur upplifa hana tekin fyrir. Síðar er svo skoðað hvað þeim finnst að betur mætti fara í samfélaginu, kerfinu og úrræðum.

### 8.1. Umfjöllun fjölmiðla

Flestar voru konurnar sammála um að öll birting og umfjöllun fjölmiðla um heimilisofbeldi væri af hinu góða. Öllum konunum, nema einni, þótti gott að horfa á umfjallanir fréttaskýringarþátta og skrif dagblaða um málefnið. Fjórar kvennanna tóku það sérstaklega fram að þær myndu ekki vilja koma fram í sjónvarpi eða öðrum fjölmiðlum, að minnsta kosti ekki undir nafni. Harpa telur að skilningur fjölmiðla og fólks almennt á ofbeldissamböndum sé mjög takmarkaður en hluta ástæðu þess telur hún vera að það sé ekki nógu mikil umræða í samfélaginu um heimilisofbeldi. Þórunn tekur undir „ég held þetta sé rosalega dulið allt, mér finnst eins og fólk sé ekkert mikið að tala um þetta“. Lísu finnst engin umfjöllun eiga sér stað en tekur fram að „stundum blossar þetta upp og stundum ekki neitt, það mætti náttúrulega vera miklu betri umræða um þetta“. Hildur telur að umfjöllun fjölmiðla hafi verið meiri upp á síðkastið en fyrri ár og finnst það af hinu góða „ég held að fólk almennt geri sér ekki grein fyrir því hvað þetta er mikið og maður gerir það ekki sjálfur og á vissum tímamunktum er maður kannski orðinn svolítið samdauna“ segir hún. „Það er svo hættulegt ef það er verið að fara að þagga allt niður, hvort sem það er kynferðisofbeldi eða ofbeldi ... mér finnst bara að það þurfi að vera stanslaust í umræðunni“ segir Þórunn. Þátttakendur höfðu allir eitthvað til málanna að leggja og töldu allir að auka mætti og bæta umfjöllun fjölmiðla:

Það er þarft að opna umræðuna betur þannig að konur hafi betri bjargir, þú veist, upp á að sækja sér aðstoð ... Fréttaskýringarþættir þyrftu kannski að taka nokkur skipti og útlista, til dæmis kynna Kvennaathvarfið, þú veist, hvað það

gerir fyrir konur sem að eru í ofbeldi eða bara hvað sem er ... og öll þessi úrræði sem eru í boði því að þau eru náttúrulega líka svolítið falin ... það er ekkert hver sem er sem hefur aðgang að því að finna þessar upplýsingar.

Þarna kemur skýrt fram hjá Lísu að umræðan þarf að vera opnari, Tinna tekur undir með henni og segir:

Mér finnst þetta bara ofboðslega þörf umræða í fjölmiðlum til þess að konur fari að hugsa sem að eru í svona samböndum ... ég meina þetta kemur umræðunni í gang á heimilinu, hvernig heldurðu að það væri inni á heimli þar sem er heimilisofbeldi að það kæmi allt í einu þessi umræða upp? ... það þarf þessa umræðu inni á heimilinu.

Það má segja að niðurstöður séu einhliða, allir þátttakendur eru því sammála að umræðuna þarf að opna og fjalla meira um málefni fólks sem býr við heimilisofbeldi í fjölmiðlum.

## **8.2. Hugmyndir þátttakenda að úrbótum**

Allar konurnar sem tóku þátt í rannsókninni bjuggu á einhverjum tímapunkti við heimilisofbeldi og allar hafa þær slitið ofbeldissambandi þó að sumar hafi farið í samband með ofbeldismanni aftur. Það ætti því ekki að vera hægt að finna betri kandidata til að útskýra hvað mætti betur fara þegar kemur að því að slíta slíku sambandi og reyna að hefja nýtt líf. Flestar voru konurnar sammála um að það hafi verið frekar erfitt að sækjast eftir aðstoðinni þegar þær voru orðnar eins brotnar og þær urðu af því að búa með ofbeldismanni. Tinna talaði um að það væri örugglega gott ef það væri til einhvers konar hópur kvenna, sem sjálfar hefðu

upplifað slíkar aðstæður, sem myndi hringja, banka upp á eða senda tölvupóst þegar kona í ofbeldissambandi sækir um skilnað eða kærir maka sinn fyrir ofbeldi:

Já og ýta, þú veist, langar þig ekki, heldurðu að þér myndi ekki líða betur eða viltu leita þér hjálpar einhversstaðar, þú veist, viltu spjalla við einhvern ... Ef það hefði komið einhver kona um fimmtugt sem að sýnir manni kærleika og ástúð og eitthvað svona, lætur þú veist, mig finna að öllum er ekki sama ... það eru náttúrulega kannski ekki allir sem vilja það ... ég hefði örugglega spjallað við einhvern ef einhver hefði boðist til að spjalla við mig.

Hildi fannst líkt og Tinnu vanta að fá aðstoð inni á heimilið og jafnvel á öðrum tíma en skrifstofutíma:

Mér fannst eitthvað yfirborðskennt mikið af þessari hjálp ... það hefði þurft að vinna með sálfræðing, alla fjölskylduna og líka að koma kannski meira, það hefði verið gott að fá kannski einhvern inn á heimilið og geta leitað í fagfólk akkúrat á meðan að hlutirnir voru að gerast en það gerðist yfirleitt utan vinnutíma, annað hvort var þetta um helgar eða á kvöldin, jafnvel nóttunni og þá er náttúrulega ekki hægt að leita í neitt, lögreglan er eina úrræðið þegar að allt er komið úr böndunum ... ég hefði viljað fá sálfræðing eða ráðgjafa eða einhvern sem að hefði getað komið þá inn í aðstæður og talað við okkur öll [fjölskylduna] ... Ekki alltaf bara taka hann úr aðstæðunum.

Auk þessa vildi Hildur leggja ríka áherslu á að það þurfi að koma betur inn í aðstæðurnar sérstaklega þar sem eru börn. Hún vill meina að það sé líklega dýrt á meðan á því stendur en

hljóti að vera sparnaður til lengri tíma þar sem það muni hjálpa börnunum því börnin muni að öllum líkindum síður þurfa hjálp seinna meir. Svönu fannst aðallega vanta mjúku hliðina í löggæslunni „þú ert svo brotin að þú þarft ekki löggæsluaðila á móti þér ... mér finnst vanta þetta mjúka bara ... ég er að leita eftir ráðum, ekki niðurrifi“. Ennfremur stakk hún upp á því að það væri einhver fagaðili eins og félagsráðgjafi eða annar mjúkur aðili, eins og hún orðaði það, sem væri með ef konan myndi ákveða að kæra og færi í yfirheyrslu.

Nokkrar kvennana nefndu það að nafnlaus samskipti á internetinu gætu hjálpað sér og eins að AA samtökin eða önnur félagasamtök mættu alveg stofna nafnlausan hóp fyrir konur sem hefðu búið við ofbeldi. Þar gæti skapast umræðugrundvöllur fyrir konur og eins og Svana segir:

Þetta er svo mikill sjúkdómur ... við þurfum alveg jafn mikið á því að halda að hitta konur sem hafa lent í því sama ... ég er ekki ein í heiminum það bara talar enginn um þetta ... það eru fullt af konum ... þær munu örugglega alltaf vilja hlusta til að finna samkenndina.

Tinna tekur undir orð Svönu og segir að það sé þörf á slíkum hópum „einhverjar sem að hafa lent bara í þessum aðstæðum, geta hist og rætt kannski saman ... grátið saman eða hvað þær þurfa að gera“. Hún segist lítið hafa rætt þetta út á við en hún heldur að ef umræðugrundvöllurinn væri til staðar þá væri gott að geta hitt aðrar konur í svipuðum aðstæðum, rifja þetta upp og ýta þessu betur frá sér.

Flestar voru konurnar sammála um að bæta þyrfti aðstöðu og úrræði kvenna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega þær sem hafa búið eða búa annars staðar á landinu. Að sama skapi verða allar hindranir í kerfinu að enn stærri bitum að kyngja þegar aðstæður eru orðnar erfiðar eins og í flestum tilfellum þar sem konur búa við orbeldi. Þátttakendur virtust

allir vera sammála um að peningar ættu ekki að vera það vandamál sem þær ættu að þurfa að hafa áhyggjur af fyrst eftir skilnað/sambandsslit. Fjárhagsvandræði hindri margar þeirra í að komast úr sambandinu og sögðust þær flestar hafa getað komið sér auðveldar úr sambandinu ef fjárhagsaðstoð hefði verið betri. Félagsþjónusta sveitafélaganna á í flestum tilfellum að sjá til þess að konur þurfi ekki að vera í þeirri aðstöðu að hafa áhyggjur af afkomu sinni en eins og tvær kvennanna bentu á fengu þær ekki aðstoð frá sveitafélaginu sem þær flúðu til. Þar fannst þeim þörf á breytingum. Hörpu og Jónu fannst báðum nauðsynlega vanta einhvers konar lausn á húsnæðisvanda þeirra kvenna sem ekki eiga annarra kosta vöð en að annað hvort fara aftur til ofbeldisfullra maka eða dvelja í Kvennaathvarfinu. Eins og áður segir er Kvennaathvarfið neyðarathvarf og þar er einungis leyfilegt að dvelja í mánuð í senn. Harpa kom með hugmynd að lausn fyrir samfélagið á þessum húsnæðisvanda, svokallað „halfway home“ fyrir konur sem eru að koma úr ofbeldissambandi:

Ef að ég mætti ráða, þá væri svona milliúrræði þar sem að þegar þú værir kannski búin að jafna þig hér [í Kvennaathvarfinu] í dvöl að þá gætirðu farið í þar sem að er kannski bara svona sambylí, gætir fengið herbergi og verið í nokkra mánuði án þess að það sé svona mikil starfsemi eins og hér, það væri kannski nálægt þannig að það væri hægt að leita hingað og væri þá fast húsnæði og skjól ... það hefði verið mjög mikið öryggisatriði fyrir mig ef ég hefði getað farið héðan bara í eitthvað hús þar sem ég hefði kannski þriggja til sex mánaða skjól með konum í svipaðri stöðu.

Síðast en ekki síst má nefna að þátttakendum finnst virkilega þurfa að bæta fræðslu og forvarnir. Fordómar í samfélaginu eru eitthvað sem allir þátttakendur könnuðust við og allar

konurnar sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir að um ofbeldi væri að ræða fyrr en ofbeldið var orðið alvarlegt:

Af hverju vissi maður ekki svona einfalda hluti eins og afbrýðissemi er, mikil afbrýðissemi er merki, af hverju vissi maður ekki eitthvað svona, af hverju er þetta ekki til dæmis kennt í skólum, þú veist þetta er bara eitthvað sem að allir þurfa að vita, allavega konur þurfa að vita þetta.

Þessi orð Guðrúnar eru líklega orð að sönnu og forvarnir og fræðsla myndu líklega koma í veg fyrir að einhverjar konur leiddust út í ofbeldissambönd en það sem þarf kannski fyrst og fremst að gera er líkt og Jóna benti á og Hildur segir „Það mætti kannski hlusta aðeins á, meira á konurnar“.

## 9. Samantekt og umræður

Rannsóknarspurning þessa verks var: „Hver er reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi?“ Í þessum kafla verður leitast við að svara þessari spurningu með því að draga fram helstu niðurstöður þessarar rannsóknar. Auk þess mun ég sem rannsakandi bæta við vangaveltum um rannsóknina og niðurstöður hennar.

Helstu niðurstöður eru að karlarnir sem beittu ofbeldinu voru yfirleitt tregir til að slíta sambandinu og það kom þeim á óvart þegar konurnar stigu skrefið til fulls og gerðu það. Karlarnir höfðu áfram áhrif á konurnar en þær urðu meðal annars fyrir umsátri og áreiti eftir að sambandi lauk. Það var áhugavert að heyra að fjórar af konunum töluðu sérstaklega um að þær hefðu ekki viljað búa á jarðhæð eða í húsi sem auðvelt var að komast inn í eftir að þær stofnuðu nýtt heimili án ofbeldismannsins. Sex kvennanna héldu að ofbeldið myndi minnka eða hætta en það bendir til þess að konurnar vilja ekki endilega slíta sambandinu heldur frekar reyna að laga það. Samböndin fylgdu öll mynstri ofbeldishringsins og konurnar lýstu sjálfar, með eigin orðum, þremur stigum ofbeldishringsins án þess að þekkja sérstaklega til hans.

Konurnar gáfu ýmsar ástæður fyrir því að þær þorðu ekki að slíta sambandinu strax. Ein af þeim voru hótanir en konurnar tóku flestar mark á þessum hótunum til að byrja með en á einhverjum tímapunkti hættu þær að trúá þeim og stigu skrefið og slitu sambandinu. Hótanirnar sneru að því að eyðileggja konurnar þannig að enginn annar vildi þær. Karlarnir hótuðu konunum lífláti, hótuðu sjálfir að fremja sjálfsvíg ef þær færu eða að taka af þeim börnin. Þátttakendur voru sammála um að það tæki á andlega að lifa við stöðuga hræðslu á meðan á sambandinu stæði og að sú væri einnig reyndin eftir að sambandi væri lokið, það er, þær lifðu í stöðugri hræðslu. Önnur stór ástæða sem konurnar nefndu sem áhrifavald þess af hverju þær fóru ekki var fjárhagsvandræði. Hvort sem það var þá vegna þess að karlinn hafði peningavöldin í sambandinu eða að þær sáu ekki fram á að fá næga fjárhagsaðstoð. Fjórar af tíu konum upplifðu það að þær gætu ekki látið börnin sín búa við og horfa upp á ofbeldi



lengur og sögðu skilið við manninn á þeim forsendum. Þannig geta hagsmunir barnanna skipt höfuðmáli í því hvort konur slíti sambandi eða ekki. Hjá tveimur kvennanna var þetta spurning um líf eða dauða, ofbeldið var orðið það gróft að þær voru farnar að óttast um eigið líf og slitu því samvistum við ofbeldismanninn.

Konurnar voru sammála um að það fylgdi því mikil streita að hætta í ofbeldissambandi. Mestu streituvaldarnir voru í þeirra tilfellum fyrrverandi maki og börnin sem þau áttu saman. Helmingur kvennanna talaði um skömmina sem fylgdi því að hafa verið í ofbeldissambandi, að erfitt væri að treysta eigin dómgreind og að þær ættu erfitt með að hafa trú á sjálfum sér. Aftur komu upp umræður um fjárhagsvandræði en húsnaðisvandi var einnig nefndur sem mikill streituvaldur hjá mörgum kvennanna.

Heilsufarslegar afleiðingar, líkamlegar og andlegar voru í öllum tilfellum alvarlegar. Flestar fyrri rannsóknir sýna að konurnar tali um að andlegu afleiðingarnar séu erfiðari viðfangs en þær líkamlegu sem grói fyrr. Sama á við um konurnar í þessari rannsókn. Aftur á móti verður að líta til þess að helmingur kvennanna er ekki á vinnumarkaði vegna veikinda tengdum ofbeldinu. Þá verður einnig að skoða að margar líkamlegar sem og andlegar afleiðingar sem konurnar kljást enn við eru alvarlegar og oft mun alvarlegri en konurnar vilja meina. Tvær þeirra eru greindar með vefjagigt, nokkrar þeirra kljást við kvíða og fjórar eiga við svefnörðugleika að stríða. Þetta bendir til þess að konurnar þurfi inngrip fyrr svo hægt sé að koma í veg fyrir svo alvarlegar afleiðingar.

Það kom fram í niðurstöðum að því lengra sem liðið var frá skilnaði því líklegra var að konurnar hefðu komið undir sig fótunum. Sá helmingur kvennanna sem var ekki á vinnumarkaði voru allar öryrkjar eða í endurhæfingu. Hjá þeim voru allt frá 4 dögum og upp í 6 ár síðan skilnaðurinn átti sér stað þegar viðtölin voru tekin. Þær konur sem aftur á móti voru á vinnumarkaði stóðu í sínum skilnaði fyrir 7 árum síðan eða meira. Allar höfðu konurnar þurft að ganga í gegnum ákveðið bataferli frá því að skilnaður átti sér stað. Byrjunin var ávallt

neikvæð en leiðin lá upp á við. Margar þeirra voru viðkvæmar og áttu erfitt með að treysta öðrum og jafnvel sinni eigin dómgreind eftir að hafa lifað við stöðugt niðurbrot, sumar hverjar í mörg ár. Flestar höfðu konurnar sótt sér einhvers konar aðstoð, því þær vildu ekki lifa við þá hræðslu og þær slæmu tilfinningar sem tilheyra áttu fortíðinni. Konurnar voru sammála um að það hafi verið frekar erfitt að stíga skrefið og sækjast eftir aðstoðinni eins niðurbrotnar og þær voru orðnar eftir að hafa búið með ofbeldismanni. Þær voru einnig sama sinnis um það að aðstoðin kæmi aldrei til þeirra, að þær hefðu alltaf þurft að leita eftir henni sjálfar.

Átta af tíu konum höfðu fengið aðstoð frá lögreglu en einungis tvær þeirra voru ánægðar með þá þjónustu hennar. Þolendur töluðu um að þora ekki að kæra maka sinn. Eina manneskjan sem hafði gengið í gegnum það ferli sagði það hafa verið mjög erfitt og að sér hafi liðið illa eftir það. Mörgum kvennanna fannst lögregluþjónana sjálfa skorta skilning á aðstæðum og það var talað um að þá vantaði mýkt. Almennt töluðu þátttakendur vel um Kvennaathvarfið og starfskonur þess en sex af tíu viðmælendum höfðu reynslu af því starfi sem þar fer fram.

Flestar konurnar upplifðu mikla fordóma í samfélaginu sökum þess að þær hefðu verið í ofbeldissambandi. Ein kvennanna talaði um að skilningur fjölmiðla og fólks almennt á ofbeldissamböndum væri mjög takmarkaður en hluta ástæðu þess taldi hún vera að það væri ekki nógu mikil umræða í samfélaginu um heimilisofbeldi. Allar voru konurnar sammála um að öll umfjöllun og birting í fjölmiðlum um heimilisofbeldi væri af hinu góða en aftur á móti fannst þeim talsvert vanta upp á hana. Þátttakendur voru sammála um að bæta þyrfti umræðuna en með því að opna fyrir hana sjá konur að þær eru ekki einar, umræðuvettvangur skapast á heimilum og fordómar í samfélaginu munu að öllum líkindum minnka. Af þessum niðurstöðum má sjá að breytinga er þörf og það þarf að bæta þau úrræði sem til staðar eru og grípa fyrir inn í hjá konum sem búa við ofbeldi.

Ef við skoðum þá staðhæfingu að konurnar vilja ekki endilega slíta sambandinu heldur reyna að bæta það sýnir það okkur að það þyrfti að virkja Karla til ábyrgðar enn frekar og hvetja þá karla sem beita ofbeldinu að leita sér aðstoðar. Konurnar þurfa einnig á aðstoð að halda og parið/hjónin ættu líka að geta unnið í sínum málum saman til að byggja sambandið upp að nýju ef ástin og tengslin eru enn fyrir hendi. Sambandinu getur vel verið viðbjargandi þó að ofbeldi hafi verið beitt en forsenda þess að það geti lagast er að báðir aðilar geti leitað og leiti sér hjálpar hjá fagaðilum. Aftur á móti benda niðurstöður til þess að reynsla þeirra kvenna sem hafa leitað sér aðstoðar hjá fagaðilum hafi alltaf leitt til sömu niðurstöðu, að það væri best að slíta sambandinu. Við þurfum að hætta að svipta konurnar sjálfræði, leyfa þeim að segja þeirra skoðun og hvað þær vilja gera, hvort sem það er að byggja sambandið upp að nýju eða slíta því. Stuðningur skiptir höfuðmáli, hvort sem hann er að finna hjá fjölskyldu og vinum, eða ekki, þá þurfa félagasamtök og/eða stofnanir samfélagsins að veita konunum þá aðstoð sem þær óska eftir. Til þess að það sé hægt verða úrræði að vera til staðar fyrir konurnar sem þær geta treyst á og haft trú á að muni koma þeim til hjálpar.

Niðurstöður benda til þess að fjárhagsaðstoð skipti konur miklu máli þegar þær slíta sambandi við karlana en fjárhagsvandræði olli þeim mörgum hugarangri og streitu. Samfélagið þarf því að huga að einhvers konar fjárhagsaðstoð fyrir konur í þessari stöðu svo auðveldara sé fyrir þær að stíga skrefið til fulls. Eins kom fram í niðurstöðum að konur sem flúðu sitt eigið sveitarfélag til að komast undan ofbeldinu höfðu ekki rétt á að sækja sér aðstoð til félagsþjónustu þess sveitarfélags sem þær flúðu til. Það þarf að endurskoða og jafnvel koma á eins konar undanþágu þannig að sveitafélögin geti jafnvel styrkt konur í einhvern tíma þó þær eigi ekki lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi eða að mynduð verði nokkurs konar brú þar sem sveitafélögin vinni saman að úrlausnum fyrir konur í slíkum aðstæðum. Húsnæðisvandi getur að sama skapi skipt miklu máli þar sem ekki allar eiga fjölskyldu eða vini sem geta stutt viðkomandi í slíkum aðstæðum. Bara það að konurnar hafi í eitthvað annað

hús að vanda en neyðarathvarf getur skipt miklu máli, sérstaklega þegar litið er til þess hversu hátt hlutfall kvenna snýr aftur til ofbeldismannsins.

Allar konurnar sem tóku þátt í þessari rannsókn snéru á einhverjum tímapunkti aftur til ofbeldismannanna, í óbreytt ástand, eða þá að þeir komu til þeirra aftur. Þetta er áhugavert og hægt að túlka á nokkra vegu. Fjárhagsvandráðin voru það mikil að konan sá ekki fram á að geta framfleytt sér og jafnvel börnum. Húsnæðisvandinn var slíkur að hún varð að fara aftur til hans. Hún var orðin það ósjálfstæð að hún kunni ekki að búa ein eða að ástin var enn til staðar og það var erfitt að sleppa henni þó að ofbeldi fylgdi henni. Þær hafa ef til vill ekki viljað leysa upp fjölskylduna, barnanna vegna. Í flestum þessa tilfella getum við sem samfélag aðstoðað konurnar enn frekar svo þær þurfi ekki að snúa aftur til ofbeldismannsins ef þær óska þess.

Konurnar vilja fá aðstoð strax sem ekki þarf að greiða fyrir. Það sem þátttakendum fannst helst að mætti bæta voru, eins og fram hefur komið áður, húsnæðisúrræði, fjárhagsaðstoð, að aðstoðin mætti koma meira til þeirra, jafnvel inn á heimilið og að aðstoð væri aðgengileg utan skrifstofutíma. Konurnar töluðu um að samtök sem gæta nafnleysis líkt og AA samtökin ættu að stofna hóp fyrir konur í þessari stöðu og að nafnlaus samskipti á internetinu gætu einnig verið góður vettvangur. Ef umræðugrundvöllurinn væri til staðar þá væri gott að geta hitt aðrar konur í svipuðum aðstæðum, til að rifja upp og ýta þessu betur frá sér. Síðast en ekki síst voru konurnar sammála um að bæta þyrfti aðstoð við konur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins sem og að fræðsla og forvarnir yrði að auka til muna. Fordómana í samfélaginu þarf að uppræta en það gerist ekki nema með aukinni umræðu og fræðslu um heimilisofbeldi. Aukin fræðsla gæti jafnvel komið í veg fyrir ofbeldið eða að minnsta kosti haft þau áhrif að konur/stelpur færu ekki í samband með ofbeldismanni þekkjandi vísbendingar ofbeldissambands.

Nauðsynlegt er að þróaðar verði aðferðir við að skrásetja heimilisofbeldi betur og þær afleiðingar sem það hefur, svo sem í heilbrigðiskerfinu og hjá lögreglu. Það eykur líkur á því að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á hverjum tíma en það að hafa betri yfirsýn yfir umfang, alvöru og afleiðingar heimilisofbeldis hér á landi getur nýst við að styrkja aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Með samstilltu átaki fagaðila og þeirra félagasamtaka sem koma að þessu málefni er hægt að ná miklum árangri eins og verkefnið hjá lögreglunni á Suðurnesjum hefur sýnt. Það þarf að veita bæði þolendum sem og gerendum viðeigandi stuðning og úrræði. Ef þolendur finna fyrir stuðningi og mynda traust við stofnanir samfélagsins mun það að öllum líkindum leiða til þess að fleiri mál verða tilkynnt, sem ætti að leiða til þess að færri beittu ofbeldi. Það ætti þannig að verða ljóst að við sem samfélag líðum ekki að einstaklingar búi og þurfi að búa við ofbeldi og að samfélagið taki á slíkum málum af alvöru.

## Heimildir

Creswell, J.W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. Thousand Oaks: Sage.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Sótt 5. mars 2014 af [http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimilisofbeldi\\_skyrsla1997.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimilisofbeldi_skyrsla1997.pdf).

Drífa Snædal. (2003). Læknar og greining heimilisofbeldis [Rafræn útgáfa]. *Læknablaðið*, 89, 882-883.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís Á. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd.

Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (1995). *Ofbeldi*. Reykjavík: Jafnréttisráð, karlanefnd.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Háskóli Íslands. (2014). *Að halda glugganum opnum: Samstarf við félagsþjónustuna. Nýsköpunarvefur*. Sótt 5.apríl 2014 af [http://nyskopunarvefur.is/ad\\_halda\\_glugganum\\_opnum\\_samstarf\\_vid\\_felagsthjonustuna](http://nyskopunarvefur.is/ad_halda_glugganum_opnum_samstarf_vid_felagsthjonustuna).

Hennink, M., Inge, H. og Bailey, A. (2011) *Qualitative Research Methods*. London: Sage.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd*, 17, 7-31.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ingólfur V. Gíslason. (2010a). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Ingólfur V. Gíslason. (2010b). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar*. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.

Johnson, M. P. (2011). Gender and types of intimate partner violence: A response to an anti-feminist literature review [rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 16, 289-296.

Jón Júlíus Karlsson. (2014, 23. febrúar). Vilja að heimilisafbrot falli undir almenn hegningarlög. *Vísir*. Sótt 6.mars 2014 af <http://www.visir.is/vilja-ad-heimilisofbeldisbrot-falli-undir-almenn-hegningarlog/article/2014140219380>.

Kim J. og Gray, K. A. (2008). Leave or Stay?: Battered Women's Decision After Intimate Partner Violence [rafræn útgáfa]. *Journal of Interpersonal Violence*, 23(10), 1465-1482.

Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.

*Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011.*

McFarlane, J., Malecha, A., Gist, J., Watson, K., Batten, E. og Hall, I. o.fl. (2004). Increasing the safety-promoting behaviors of abused women [rafræn útgáfa]. *American Journal of Nursing*, 104, 40-50.

Morgunblaðið. (2014). *Heimilisofbeldi*. Sótt 27.febrúar 2014 af <http://www.mbl.is/frettir/knippi/3053/>.

Nýsköpunarvefur. (2014, 21. Janúar). Landspítali-Háskólasjúkrahús hlýtur nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnslu 2014 fyrir verkefnið Rauntíma árangursvísar á bráðadeild. Sótt 27.apríl 2014 af [http://nyskopunarvefur.is/frettir/2014\\_01\\_25/landspitali\\_haskola\\_sjukrahus\\_hlytur\\_nyskopunarverdlaun\\_i\\_opinberri\\_thjonustu\\_og](http://nyskopunarvefur.is/frettir/2014_01_25/landspitali_haskola_sjukrahus_hlytur_nyskopunarverdlaun_i_opinberri_thjonustu_og).

Rhodes, N. og McKenzie, E. (1998). Why do Battered Women Stay?: Three Decades of Research [rafræn útgáfa]. *Aggression and Violent Behavior*, 3(4), 391-406.

Ríkislögreglustjórinn. (2009). *Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn.

Samtök um Kvennaathvarf (2012). Ársskýrsla. Sótt 6.mars 2014 af [http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/SUK\\_2012-3.pdf](http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/SUK_2012-3.pdf).

Samtök um Kvennaathvarf. (2014). *Ýmsar birtingamyndir ofbeldis*. sótt 24.febrúar 2014 af: <http://www.kvennaathvarf.is/media/fyrirlestrar%20og%20kynning/Birtingarmyndir.pdf>

Snorri Örn Árnason, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2012). *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim: Viðhorfskönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins*. Reykjavík: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Stephens, B. J. og Sinden, P. G. (2000). Victims' Voices: Domestic Assault Victims' Perceptions of Police Demeanor. *Journal of Interpersonal Violence*, 15(5), 534-547.

Stewart, C. C., Langan, D. og Hannem, S. (2013). Victim Experiences and Perspectives on Police Responses to Verbal Violence in Domestic Settings. *Feminist Criminology*, 8(4), 269-294.



Valente, S. M. (2002). Evaluating intimate partner violence [rafræn útgáfa]. *Journal of the American Academy of Nurse Practitioners*, 14(11), 505-513.

Velferðarráðuneytið. (2009). Rit um ofbeldi í nánnum samböndum. Sótt 4.apríl 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefing-efni/utgafa/nr/4152>.

Velferðarráðuneytið. (2013). *Býrð þú við ofbeldi?* Sótt 3.apríl 2014 af [http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit\\_2013/VEL-Ofbeldi-NET.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/VEL-Ofbeldi-NET.pdf)

Vilborg G. Guðnadóttir (1997). *Ofbeldi gegn konum*. Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.

WHO. (2013). *Global and regional estimates of violence against women: Prevalence and health effects of intimate partner violence and non-partner sex violence*. Sótt 17.mars 2014 af [http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/85239/1/9789241564625\\_eng.pdf?ua=1](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/85239/1/9789241564625_eng.pdf?ua=1).